

MOSFELLINGUR

7. tbl. 8. árg. föstudagur 15. maí 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



FRÁBÆR STUÐNINGUR

Meistaraflokkur karla í handknattleik naut góðs stuðnings Mosfellinga í úrslitarimmu við Stjörnuna um sæti í efstu deild. Stuðningsmannafélagið Rothöggið stóð fyrir sínu og gott betur. Afturelding laut hins vegar í lægra haldi og leikur áfram í 1. deild að ári.

Mynd/Hilmar

EIGN VIKUNNAR

Brekkutangi – raðhús




EIGNAMIDLUN
Mosfellsbæ



254,0 m² raðhús á þremur hæðum og bílskúr við Brekkutanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Fallegur garður í suðvestur.

Ásett verð er 39,7 milljónir.

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærsted, lögg. fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



100% Speltbrauð

MOSFELLSBÁKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun



Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkörk: Hjördis Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 12. júní

Skin og skúrir

Hátíðarhöldum í kringum
Haldarafmæli Aftureldingar eru
gerð góð skil í blaðinu að þessu
sinni. Margt gott var gert í kringum
afmælið en einnig margt sem mátti
betur fara, miðað við
stórafmæli eins elsta
íþróttafélags á landinu.



.....

Haldnir eru
Hbæjarstjórn-
arfundir í ann-
arri hverri
viku og eru
þeir öll-
lum op-
nir. Ég vil

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

að þessir fundir séu teknir upp og
hægt verði að hlusta á upptökur á
netinu og fylgjast með umræðunni
á fundunum í stað fundargerða í
mýflugumynd sem nú eru birtar á
heimasíðu bæjarins.

.....

Hin mosfellska Anna Hlín syng-
ur í úrslitum Idolsins í kvöld
og hvet ég Mosfellinga til að stöðja
þessa efnilegu söngkonu okkar.

.....

Héraðshöfðingi er fallinn frá.
Heiðurborgari Mosfellsbæjar,
Jón á Reykjum, var jarðsunginn
7. maí. Blessuð sé minning hans.



www.isfugl.is

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Forseti Íslands fagnaði afmæli sínu í gær, hinn
14. maí. Af því tilefni birtum við ljósmynd frá 1944
þegar Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslendinga,
sótti Mosfellinga heim. „Forseti Íslands lifi“ stend-
ur á borðanum sem strengdur er þvert yfir brúna
há Álafossi, Sigurjón Pétursson verksmiðjueig-
andi hefur tekið ofan fyrir forsetanum og mosfells-
kir hundar fylgjast náð með framvindu mála.

Bjarki Bjarnason



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Garðabjónusta Helga

Mosfellsbæ

Tökum að okkur alhliða
garðvinnu fyrir fyrirtæki,
húsfélög og einstaklinga.

Komum á staðinn og
gerum tilboð í verk að
kostnaðarlausu.

Helgi Þór Guðjónsson
Sími: 867 4740

Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?



EIGNAMIDLUN

Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



Almholt 7 – Einbýlishús
Mjög fallett og mikið endurbætt 188,1 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á stóri lóð við Almholt 7 í Mosfellsbæ. Eldhús og baðherbergi voru endurnýjuð fyrir 2 árum síðan. Mjög stór suðurgarður með timburverönd.
V. 48,5 m.



Hjarðarland 4 - Parhús
Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílplan.
Seljandi skoðar skipti á minni eign!
Opið hús mánudaginn 18 maí frá kl. 17:30 til 18:30 í Hjarðarlandi 4.
Ásett verð var kr. 46.700.000 - eignin fæst nú á 42.400.000 kr.



Helgaland 9 - Einbýlishús
Mjög fallett 307,4 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 52 fm tvöföldum bílskúr við Helgaland í Mosfellsbæ. Húsið stendur á 1.250 fm lóð.
Opið hús mánudaginn 18 maí frá kl. 18:00 til 19:00 í Helgalandi 9.
V. 68,9 m.



Hlíðartún - Einbýlishús
Einstakt 189,2 fm einbýlishús með gróðurhúsi, vinnuskúr og sundlaug við Hlíðartún í Mosfellsbæ. Þetta er mjög sérstök eign á gróðursælum stað í elsta hverfi Mosfellsbæjar. Íbúðarhúsið eru 140,7 fm, en auk þess er kjallari undir hluta hússins. Við húsið eru sambyggður 23,4 fm vinnuskúr og 15 fm gróðurhús.
V. 39,7 m.



Stórikriki - Einbýlishús
226,7 fm einbýlishús á einni hæð með góðum bílskúr á mjög fallegum útsýnisstað við Stórakrika 25 í Mosfellsbæ. Ath. húsið er íbúðarhæft, en ófrágengið að hluta - **þetta er gott tækifæri fyrir laghenta.**
V. 39,9 m.



Reykjavegur – Parhús
Mjög fallett 161,8 fm parhús með innbyggðum bílskúr við Reykjaveg í Mosfellsbæ. Húsið stendur í útjaðri byggðar í skógi vöxnu umhverfi. Garður er gróinn með timburverönd og heiltum potti.
V. 39,5 m.



Kvíslartunga 9 - Parhús
Glæsilegt 286 fm tvílyft parhús á frábærum útsýnisstað við Kvíslartungu 9 í Mosfellsbæ. Húsið er einkar reisulegt og stílhreint með mikilli lofthæð og stórum útsýnisluggum auk um 60 fm svala. Húsið er rúmlega fokhelt, útveggir eru einangraðir að utan og múraðir.
Ásett verð var kr. 47.750.000.- en eignin fæst nú á 37.750.000 kr. í beinni sölu.



Laxatunga - Ný raðhús
Vorur að fá í sölu ný 172,5 fm raðhús með innbyggðum bílskúr sem verða afhent fullbúin með innréttingum og gólfefnum á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi - hvítar innréttingar og eikarparket og flísar á gólf. Áhv. eru 20 millj. kr. ÍLS lán.
Skipti á minni eign skoðuð!
V. 38,7 m.



Arnartangi - Raðh. + Bílskúr
94 fm raðhús á einni hæð á skjólgóðum og gróðursælum stað við Arnartanga í Mosfellsbæ, ásamt 28,4 fm bílskúr. Í húsinu eru 3 svefnherbergi. Kominn er tími á viðhald og er eignin því tilvalin fyrir handlagið fólk.
Eignin er laus til afhendingar strax!
V. 24,5 m.



Litlikriki 2 - 4ra herbergja
Ný og glæsileg 126 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlikrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er fullbúin með eikarinnréttingum. Eikarparket og flísar eru á gólfum.
Íbúðin er tilbúin til afhendingar!
Lækkað verð!
V. 29,8 m.



Klapparhlíð - 4ra herbergja
Falleg 99,9 fm, 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með séringngangi og sérgarði í 3ja hæða fjölbýli. Mjög góð staðsetning stutt er í skóla, leikskóla, World Class og sund.
V. 23,6 m.



Fálkahöfði - m/bílskúr
Mjög falleg 103,9 fm, 3ja herb. íbúð á jarðhæð m/séringngangi og stóri timburverönd, ásamt 27 fm bílskúr við Fálkahöfða. Tvö rúmgóð svefnherb. Stutt í skóla, leikskóla, sund og World Class.
Ásett verð var kr. 29,7 m. - eignin fæst nú á 25,9 m.



Prastarhöfði - 3ja herbergja
Falleg og björt 85,7 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í litlu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Prastarhöfða í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sund og World Class. **Ahvílandi eru ca. 20.800.000 kr. í láni frá Kaupþing banka.**
V. 22,5 m.



Skólaping haldið í Lágafellsskóla

Á morgun, laugardaginn 16. maí stendur fræðslunefnd Mosfellsbæjar fyrir opnu skólapingi fyrir íbúa, nemendur, foreldra, fagfólk og aðra áhugasama um starfsemi leik-, grunn- og listaskóla Mosfellsbæjar. Skólaping er kjörinn vettvangur til að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri og vera virkur þátttakandi í mótun framtíðarsýnar skólastarfs í Mosfellsbæ. Niðurstöður skólapinga verða nýttar til endurskoðunar á Skólafélagi Mosfellsbæjar. Þingið fer fram í Lágafellsskóla og hefst klukkan 9. Boðið verður upp á morgunhressingu kl. 8.30-9. Barnagæsla verður í boði fyrir yngstu bæjarbúana.

MOSFELLINGUR á vaktinni



Mosfellingur fór á stúfana og kannaði verð á flatbökkum. Kannað var verð á 16 tommu tilboðum staðanna þegar maður sækir sjálfur.

Draumakaffi

2 x 16" pizza m/2 áleggstegundum + brauðstangir eða hvítlausbrauð. **2840 kr.**

Eldhúsið - Pizzabakarí

16" pizza m/2 áleggstegundum + 2 L kók **1990 kr.**

Hrói Höttur

2 x 16" pizza m/2 áleggstegundum + brauðstangir eða 2 L kók. **2870 kr.**

Jón M. Guðmundsson bóndi á Reykjum lést þann 22. apríl á 89. aldursári

Heiðursborgari jarðsunginn

Jón Magnús Guðmundsson, bóndi á Reykjum, var jarðsunginn frá Langholtskirkju 7. maí. Útförina annaðist Mosfellsbær í samráði við fjölskyldu hans. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar minntist Jóns í upphafi síðasta bæjarstjórnarfundar en Jón var útnefndur heiðursborgari Mosfellsbæjar á átttræðisafmælisári sínu árið 2000. Hann var oddviti Mosfellsbæjar frá 1962 til 1981, og á að baki langan og gifturíkan feril í störfum sínum fyrir sveitarfélagið bæði sem oddviti og síðar sem hreppsstjóri.



Jón fluttist um fimm ára aldur að Reykjum ásamt fjölskyldu sinni og bjó þar alla tíð síðan. Hann dvaldist á Hjúkrunarheimilinu Eir síðustu æviárin. Jón var bóndi á Reykjum alla sína starfsævi og frumkvöðull í alifuglarækt á Íslandi.

Jón tók virkan þátt í félagsmálum af ýmsu tagi, m.a. í Ungmennafélaginu Aftureldingu og Ungmenna-



Líkmenn: Ásgeir Indriðason, Jónas Sigurðsson, Birgir D. Sveinsson, Haraldur Sverrisson, Jón Sigurðsson, Ragnheiður Ríkhárdóttir, Karl Tómasson og Þorsteinn Sigmundsson.

sambandi Kjalarnesþings, og keppti í íþróttum fyrir þessi félög á yngri árum. Hann var áhugamaður um hestamennsku og var félagi í Hestamannafélaginu Herði, einnig stofnfélagi Lionsklúbbs Kjalarnesþings og Karlakórsins Stefnis. Hann sat

í stjórnnum fjölmargra félaga og samtaka og gegndi trúnaðarstörfum fyrir þau, meðal annars fyrir samtök bænda og Sjálfstæðisflokkinn.

Jón lætur eftir sig eiginkonu, Málfríði Bjarnadóttur, og sex uppkomin börn.

Ársreikningar Mosfellsbæjar 2008 voru lagðir fram á fundi bæjarstjórnar

Minni mínus en annars staðar

Í ársreikningi Mosfellsbæjar 2008, sem lagður var fram í fyrri umræðu í Bæjarstjórn Mosfellsbæjar á miðvikudag, kemur fram að rúmlega



25 milljóna króna rekstrarhalli er á A-hluta bæjarsjóðs. Rekstrarfangangur af A-hluta sveitarsjóðs að undanskildum fjármagnsgjöldum var 414 milljónir króna. Fjármagnsgjöld voru tæpar 439 milljónir og því nemur rekstrarhalli á A-hluta rúmum 25 milljónum eins og áður sagði.

Að meðtöldum B-hluta stofnum var neikvæð rekstrarmiðurstaða upp á 168 milljónir króna. Skýrist það af vaxtagjöldum og gengistapi upp á um 694 milljónir.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri segist mjög sáttur með niðurstöðuna í ljósi þeirra erfiðleika sem íslenskt samfélag sigldi inn í lok síðasta árs. „Það er vel af sér vikið að skila A-hluta með aðeins 25 milljón króna halla, ekki síst þegar miðað er við önnur sveitarfélög. Rekstur stofnana bæjarins tókst vel og þakka ég starfsfólki bæjarins það.“ Nánar má lesa um ársreikning Mosfellsbæjar 2008 á mos.is og í grein Haraldar hér aftar í blaðinu.



KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:

17. maí

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 14. Árlegur kirkjudagur Hestamannafélagsins Harðar. Hópreið hestamanna til kirkju. Hugleiðingu dagsins flytur Ómar Ragnarsson. Karlakórinn Stefnir syngur. Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir.

24. maí

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

31. maí

Hvítasunnuhátíð. Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Prestur: Sr. Skírni Garðarsson



SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!



Gleðilegt
sumar

Vorgleði í Mosfellsbæ

Íþróttahúsinu Varmá lau. 23. maí 2009

**Forsala á Markaði Aftureldingar
(við hlið Krónunnar):**

Föstud. 15. maí kl. 16:00-18:00

Laugard. 16. maí kl. 13:00-18:00

Sunnud. 17. maí kl. 13:00-18:00

Einnig í íþróttahúsinu frá kl. 21 þann 23. maí

**Allir velkomnir!
Aldurstakmark 20 ár
Húsið opnar kl. 23**

Carlsberg®



Bókaverðlaun barnanna afhent

Þann 28. apríl fengu þrjár stúlkur, Emilía, Ásta Lilja og Ósk, nýjar bækur að gjöf frá Bókasafni Mosfellsbæjar. Þær lögðu sitt af mörkum til að finna út hver væri vinsælasta barnabókin sem út kom á árinu 2008. Mikill fjöldi barna hjálpaði til við valið og þakkar Bókasafnið þeim aðstoðina. Vinsælustu barnabækurnar í Mosfellsbæ reyndust vera Fiasól er flottust, Gæsaúð 13 og Svart og hvítt.

Mosfellsbær styrkir efnileg ungmenni

Mosfellsbær hefur ákveðið að styrkja eftirtalin ungmenni sumarið 2009 með þeim hætti að styrkþegar fái sambærilegan vinnutíma og laun og öðrum unglingum í Vinnuskóla og ungmennum í sumarvinnu stendur til boða. Lára



Krístín Pedersen, Krístrún Halla Gylfadóttir, Sigríður Þóra Birgisdóttir og Alda Snorraddóttir til að iðka knattspyrnu. Sævar Baldur Lúðvíksson til að iðka skylling. Arnar Logi Lúthersson til að iðka hestaíþróttir. Ragnheiður Erla Björnsdóttir til að stunda söngnám. Gísli Gylfason til að iðka taekwondo. Páll Theódórs-son til að iðka golf. Dagný Ágústsdóttir til að iðka badminton. Halldóra Þóra Birgisdóttir til að iðka knattspyrnu og stunda píanóleik. Sigrún Jarlsdóttir til að stunda fiðluleik.

ELDRI BORGARAR



Við Leiruvog er fjölskrúðugt dýralíf og hornsteinn þess er viðáttumikil fjaran

Fuglaskoðunarhús við Leiruvog

Nýtt fuglaskoðunarhús hefur verið opnað við Leiruvog í Mosfellsbæ. Húsið er staðsett við Langatanga neðan við golfvöllinn. Húsið er vel staðsett nálægt leirunni þar sem fjöldi vaðfugla er, ásamt því að veita góða yfirsýn yfir Langatanga, sem margar fuglategundir nýta sér sem hvíldarstað. Aðgengi að húsinu er gott með göngustígum sem liggja meðfram ströndinni eða frá golfskálanum.

Nálægðin við náttúruna einstök

Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar í Mosfellsbæ, segir fuglaskoðunarhúsið mikilvæga aðstoðu fyrir fuglaáhugafólk því Leiruvogur er einstakur hvað varðar fuglalíf allan ársins hring. „Mosfellsbær er útvistarbær og er nálægðin við náttúruna hér einstök. Fuglaskoðunarhúsið bætir þjónustu við þann hóp fólks sem nýtur þess að fylgjast með fuglum í sínu náttúrulega umhverfi og undirstrikar jafnframt mikilvægi fuglalífs í Leiruvogi,“ segir Karl.



Lykla má nálgast í Lágafellslaug

Lykla að fuglaskoðunarhúsinu má nálgast í Íþróttamiðstöðinni Lágafelli auk þess sem sérlegir fuglaáhugamenn eða félög geta fengið lykil til umráð.

Þriðjudaginn 19. maí kl. 17 stendur Umhverfis- og náttúrufræðifélag Mosfellsbæjar fyrir fuglaskoðun á svæðinu.



Fugasérfræðingar frá East Anglia University við rannsóknir

Fuglaskoðunarhús nýttist ekki aðeins íbúum Mosfellsbæjar og nágrennis, heldur laðar fuglaáhugafólk víðs vegar að, m.a. erlendis frá. S.l. vikur hefur sést til erlendra fuglaskoðara við Leiruvoginn. Um er að ræða vísindamenn frá East Anglia háskólanum í Norwich, hjónin Dr. Jennifer Gill og Graham Appleton. Þau taka þátt í fjölbjóðlegu rannsóknarverkefni sem snýr að rannsóknum á fari jaðrakana. Jaðrakana dvelja vetrarlangt á meginlandi Evrópu og fljúga til Íslands á vorin til að verpa og dvelja sumarlangt. Annar hópur vísindamanna kemur síðan í júní og heldur áfram þessum rannsóknum við Leiruvog. Jennifer Gill er mjög ánægð með hið nýja fuglaskoðunarhús við Leiruvog. „Það veitir gott skjól gegn veðrum og vindum og er jafnframt vel staðsett fyrir athuganir á fuglum. Við munum án efa nýta húsið vel í rannsóknum okkar í framtíðinni,“ segir Jennifer.



Dr. Jennifer Gill og Graham Appleton við rannsóknir við Leiruvog.

Ferð í Reykjanesbæ!

Farið verður til Reykjanesbæjar mánudaginn 25. maí og skoðað nýtt hús er nefnist Nesvellir sem er aðstaða fyrir félagsstarf eldri borgara staðarins. Lagt verður af stað kl. 13 frá Hlaðhömrum. Skráning í síma 586-8014 kl. 13-16 og 692-0814.

Kárahjúkaferðin!

Vegna forfalla er hægt að bæta við þátttakendum í ferðina. Leiðsögumaður fyrir austan verður Páll Pálsson. Allar uppl. og skráningu eru hjá Svanhildi á skrifstofu félagsstarfsins frá kl. 13-16 sími 586-8014 og 692-0814.



522-2222

ANNA HLÍN

Mosfellingurinn okkar í Idol



Mosfellingar eiga hæfileikaríkan
keppanda í Idol stjörnuleit þetta árið.
Stöðjum Önnu Hlín og kjósum hana
úrslitakvöldið milli kl 21:00 og 21:30

★ ★ ★ ★ ★
900 9001

- atkvæðið kostar 99 kr. -



Idol

Í BEINNI Á RISASKJÁ



**Besti vinur
bragðlaukanna**
ekta ostur, eldbakstur & ástriða



ELDHÚSIÐ
Pizzabakari



Sýningaraðstaða í Lágafellslaug

Tekin hefur verið í notkun sýningaraðstaða í andyri Íþróttamiðstöðvarinnar að Lágafelli. Þar geta nú listamenn haldið sýningar á verkum sínum í samráði við Lágafellslaug. Nú stendur yfir sýning Ólafar Sigmars Valdimarsdóttur og stendur hún til 1. júní. Um er að ræða olíumálverk og nefnist sýningin Konur. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar varðandi þessa nýju sýningaraðstöðu í síma 896-2727.


Unnið að tvöföldum Vesturlandsvegum

Unnið er að verkhönnun vegna tvöföldunar Vesturlandsvegum milli Hafravatnsvegum og Þingvallavegum um Ullarnesbrekku. Eftir er til kynningarfundur um framkvæmdina þriðjudaginn 19. maí kl. 17 í Hlégarði. Á mótum Vesturlandsvegum og Álafossvegum verður tvöfalt þriggja arma hringtorg. Milli hringtorgsins við Þverholt að hringtorginu við Álafossveg verður núverandi vegur breikkaður í suður en nyrðri kanturinn sem er nær Íþróttasvæðinu verður nánast óbreyttur. Áætluð framkvæmdalok eru sumarið 2010.



Sumarrómantík með Andreu Gylfa

Björn Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir verða með tónleika í bókasafni Mosfellsbæjar þriðjudaginn 19. maí kl. 20.30 Þau munu flytja lög af nýútkomnum disk, Heiðanna ró. Sumarrómantíkin er allsráðandi á þessum nýja disk en hljómsveitin er skipuð, auk Björns og Andreu, þeim Jóni Rafnssyni kontrabassaleikara og Jóhanni Hjörleifssyni trommu-leikara. Aðgöngumiðar seldir við inngang og kosta kr. 1500,-.



Á miðvikudag fór fram verðlaunaafhending í hugmyndasamkeppni um Ævintýragarð

Úrslit í hugmyndasamkeppni

Á 20 ára afmæli Mosfellsbæjar samþykkti bæjarstjórn á sérstökum hátíðarfundum, fimmtudaginn 9. ágúst 2007, að láta gera ævintýragarð fyrir börn og ungumenni á svæðinu milli Varmár og Köldukvíslar neðan Vesturlandsvegum.

Í kjölfarið var ákveðið að fara í hugmyndasamkeppni um skipulag og uppbyggingu garðsins til að ná betur utan um verkefnið. Markmið hugmyndasamkeppninnar var að fá fram raunhæfar og spennandi tillögur um hönnun og innihald ævintýragarðs sem nýttist allri fjölskyldunni til fjölbreyttrar útivistar og ánægju allt árið um kring.

Umhverfissjónarmið í fyrirúmi

Dómnefnd mat tillögur út frá umhverfissjónarmiðum, þ.e. áhersla á vistvænar lausnir í samræmi við markmið Staðardagskrár 21. Í dómnefnd voru: Bryndís Haraldsdóttir, formaður dómnefndar og vara-bæjarfulltrúi; Ólafur Gunnarsson, nefndarmaður í skipulags- og byggingarnefnd; Jónas Sigurðsson bæjarfulltrúi; Jóhann Einarsson arkitekt FAÍ og Björn Axelsson landslagsarkitekt FÍLA.

Athylgilverðar hugmyndir

Alls bárust 16 tillögur og voru þær allar teknar til skoðunar. „Við vorum sammála um að innsendar tillögur væru fallega framsettar og að þær fælu í sér fjölda skemmtilegra og at-



Stoltir sigurvegarar í hugmyndasamkeppni Mosfellsbæjar. Fulltrúar Landmótunar sf. og Sviðsmynda ehf. en verðlaunatilagan nefnist „Að spinna ævintýr“

hyglisverðra hugmynda sem byðu upp á marga möguleika,“ segir Bryndís Haraldsdóttir formaður dómnefndar. „Mosfellingar eiga eftir að eignast virkilega spennandi og fallegan ævintýragarð,“ segir Bryndís. „Ævintýragarðurinn mun þó ekki rísa á einni nóttu og var þ v í

Skemmtileg útfærsla einnar tillögunnar á lengstu rennibraut á Íslandi.

mikilvægt að hugmyndirnar væru þannig fram settar að auðvelt væri að skipta framkvæmdinni upp í áfanga. Það er einnig mikilvægt að mati dómnefndar að garðurinn geti þróast í tímanna ráð og sé í raun í stöðugri mótun,“ segir Bryndís.


Vegleg verðlaun

Auk þriggja tillagna sem voru verðlaunaðar var ákveðið að tvær til viðbótar verðskulduðu innkaup sökum áhugaverðra hugmynda sem þar komu fram. Veitt voru verðlaun að verðmæti 4,4 milljónir.

Mosfellsbær skuldbindur sig ekki



Verðlaunahafar í hugmyndasamkeppni Mosfellsbæjar um ævintýragarð í Ullarnesbrekkum ásamt fulltrúum Mosfellsbæjar.



garð í Ullarnesbrekkum en 16 tillögur bárust í keppnina.

Keppni um ævintýragarð

til að útfæra garðinn nákvæmlega eins og vinningstillagan gerir ráð fyrir. Heldur er það mat dómnefndar að þær þrjár tillögur sem voru verðlaunaðar séu tillögur sem geti fallið saman.

Að spinna ævintýr

Fyrstu verðlaun hlaut tillaga sem ber heitið „Að spinna ævintýr“. Höfundar eru Landmótun sf. og Sviðsmynd ehf. Meginhluti tillögunnar er, samkvæmt óskum dómnefndar, um náttúrulegan útivistargarð þar sem tekið er tillit til náttúrulegs gróðurs og útvistar. Tillögunni er auðvelt að skipta í áfanga og aðlaga og breyta í takt við breytta tíma.



Bryndís Haraldsdóttir formaður dómnefndar tilkynnir úrslitin á miðvikudag.

Önnur verðlaun hlaut tillagan „Mosinn - Villigarður í túninu heima.“ Tillagan nær markmiðinu um

náttúrulegan útivistargarð og sýnir góða nýtingu á umhverfi Varmár.

Höfundar eru Helga Guðrún Johnson, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Helgi Geirharðsson og Gunnlaugur Ó Johnsonson.

Þriðju verðlaun hlaut tillagan „Í túninu heima“. Tillagan felur í sér skemmtilega útfærslu á einstaka leiktækjum, s.s. lengstu rennibraut á Íslandi. Tillagan gerir ráð fyrir frumleggri og skemmtilegri útfærslu vatnasvæðis við Köldukvísl sem dómnefndin var sérstaklega hrifin af.

Allar tillögunnar í hugmyndasamkeppninni verða til sýnis á Torginu í Kjarna til 3. júní.

Vel heppnað Menningarvor

Menningarvor í Mosfellsbæ er viðburður sem listamenn í bænum hafa haft frumkvæði af að halda. Mosfellskir listamenn hafa lagt fram vinnu sína til að efla mannlífið á erfiðum tímum. Tvö kvöld hafa verið haldin og það síðasta verður þriðjudaginn 26. maí, nk. í Bókasafninu sem hefur verið útbúið sem kaffihús og tónlistarsalur. Viðburðirnir hafa verið sérlega vel heppnaðir, falleg, ljúf og upplífandi tónlist, auk þess sem Duna frumsýndi heimildarmynd og Jón Kalmann sagði eftirminnilega frá tilurð sinni sem rithöfundur. Mosfellsbær hefur kynnt verkefnið og vill fyrir hönd allra bæjarbúa koma á framfæri sérstökum þökkum til listamannanna, sem með svo fórnfúsum hætti hafa gefið svo mikið af sér.

Sýning á tillögum í hugmyndasamkeppni um Ævintýragarð í Ullarnesbrekkum

Alls bárust 16 tillögur. Auk þriggja tillagna sem voru verðlaunaðar var ákveðið að tvær til viðbótar verðskulduðu innkaup sökum áhugaverðra hugmynda sem þar komu fram.

1. verðlaun – kr. 2.000.000. „Að spinna ævintýr“. Höfundar: Landmótun sf. og Sviðsmyndir ehf.

2. verðlaun – kr. 1.200.000. „Mosinn, villigarður í túninu heima“. Höfundar: Helga Guðrún Johnson, fréttamaður og villimey, Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur og villimey, Helgi Geirharðsson, verkfræðingur og villimaður, Gunnlaugur Ó. Johnson, arkitekt og villimaður.

3. verðlaun – kr. 800.000. „Í túninu heima“. Höfundar: Hornsteinar arkitektar ehf.

Innkaup – kr. 300.000 – „Ævintýragarðurinn í Mosfellsbæ“. Höfundar: Arkitektur.is, Michael Blikdal Erichsen arkitekt og Carlton Hlynur Keyser arkitekt.

Innkaup – kr. 100.000 – „Vættagarður, sjálfbær skemmtigarður“. Höfundur: Arnhildur Pálmadóttir.

Tilkynnt hefur verið um úrslit í hugmyndasamkeppni um Ævintýragarð í Ullarnesbrekkum og eru tillögunnar nú til sýnis á Torgi í Kjarna. Sýningin verður uppi fram til 3. júní og er húsið opið kl. 8-19 alla daga.

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
FRAMSÆKNI
UMHYGGJA



MOSFELLSBÆR

Ungmennafélagið Afturelding fagnaði 100 ára afmæli sínu með glæsibrag


Afmælishátíð Aftureldingar



Valdimar Leó sæmdu silfurmerki UMSK. Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK Svanur Gestsson, fyrrv. form. UMSK og Hafsteinn Pálsson, fyrrv. form. UMSK.



Jóhann Guðjónsson, fyrrv. formaður handknattleiksdeildar; Jón Pálsson, formaður Aftureldingar; Anna Þóra Stefánsdóttir, fyrrv. stjórnarmaður Aftureldingar; Ingibjörg Berggrós Jóhannsdóttir, framkv.stjórn ÍSÍ; Hafsteinn Pálsson, framkv.stjórn ÍSÍ; og Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ. Jóhann og Anna Þóra voru sæmd gullmerki ÍSÍ og Jón Pálssyni afhent afmælisgjöf til Aftureldingar frá ÍSÍ.



Leikfélag Mosfellsveitar fer með leikþátt á hátíðarkvöldverði í Hlégarði.



Jón Pálsson formaður Aftureldingar Sigurður Guðmundsson, íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar og Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ. Jón var sæmdu starfsmerki UMFÍ og Sigurður gullmerki UMFÍ.



Skátafélagið Mosverjar leiddi skrudgöngu frá miðbæjartorginu að íþróttahúsinu.



Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri Aftureldingar endurtók rúmlega 60 ára gamalt sigurhlaup tengdamóður sinnar, Mörtu Mariu Hálfðanardóttur.



Stelpur úr fimleikadeild Aftureldingar að lokinni glæsilegri sýningu.



Fjöldi gesta var á hátíðarkvöldverði í Hlégarði að kvöldi síðasta vetrardags.



Karatedeild Aftureldingar sýndi frábær tilþrif að Varmá á sumardaginn fyrsta.

Frambjóðendur eru til í allt í aðdraganda kosninga **Skrípaleikar að Varmá**

Skrípaleikar fóru fram í íþróttahúsinu að Varmá á sumardaginn fyrsta þar sem pólitíkusar voru látnir fara í ýmsar þrautir og stóðu sig mis vel.



Pólitíkusar gerðir að fíflum. Efri röð: Ragnheiður, Guðfríður Lilja, Árni Páll, Herdís, Jónas, Marteinn og Hjalt Úrsus. Neðri röð: Örn Ingi, Hafsteinn, Karl og Haraldur.



Jónas Sigurðsson og Ragnheiður Ríkharrsdóttir í skrautlegum búningum.



Tilbúin í slaginn, flokkssystkinin Marteinn Magnússon og Siv Friðleifsdóttir.



Flottir á velli, Örn Ingi Bjarkason og Árni Páll Árnason létu sitt ekki eftir liggja.



Vinstri græn og glöð, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Karl Tómasson.

Goður lífeyrir - ávisun á betra líf

Hjá okkur færðu viðbótarlífeyrissparnað:

- Með tryggðan höfuðstól í evrum auk 2,25% ávöxtun að lágmarki
- Með ævilangan lífeyri svo lengi sem þú lifir
- Hjá fjármálafyrirtæki með yfir 125 ára reynslu
- Mun öruggara en kauphallarviðskipti

Pantaðu tíma strax í ráðgjöf



Sparnaður • Heiðar Kristinsson
Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 577 2025
Fax: 577 2032
GSM: 822 4242
Netfang: heidar@sparnadur.is
Veffang: www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VER SICHER KAMMER BAYERN UNGS

Finanzgruppe

Vorferð Sögufélagsins

Laugardaginn 6. júní heldur Sögufélag Kjalarnesþings í árlega fjölskylduferð sína. Að þessu sinni verður gengið um Mosfellsdal og leitað að silfursjóði Egils Skallagrímssonar. Leitarstjóri verður Bjarki Bjarnason.

Allir velkomnir og eru þátttakendur beðnir að mæta við Mosfellskirkju kl. 10 árdegis með nesti og nýja skó.

Stjórnin.

Aðalstjórn Aftureldingar og afmælisnefnd vilja pakka eftirtöldum aðilum fyrir þátt sinn í að gera 100 afmælishátíð Aftureldingar að veruleika:

Mosfellsbær, Leikfélag Mosfellssveitar, Skátafélagið Mosverjar, UMFUS og JUMBOYS, Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Grétar Snær Hjartarson, Tónlistarskóli Mosfellsbæjar, Kirkjukór Lágafellssóknar og Jónas Þórir, Mosfellsbakarí, Inga Elín listakona, Hilmar Gunnarsson, Nikulás Róbertsson, Magnús Guðmundsson, Bjarki Bjarnason, Hlynur C. Guðmundsson, Elín Reynisdóttir, Hilmar í Auðséd, Páll Helmut Guðjónsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Guðmundur Pétursson, Vignir í Hlégarði, Hljómsveitin Blek og byttur, Hljómsveitin Ingó og Veðurguðirnir.


Auk þess:

Starfsfólk í Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Þeir einstaklingar sem lánuðu muni á sögusýninguna. Deildir félagsins fyrir þátttöku í inn-anfélagsmótum og sýningum. Þátttakendur í Skripaleikum. Sjálf-boðaliðar í handknattleiks- og knattspyrnudeild fyrir kaffihlaðborð, veitingasölu, dyravörslu og fleira. Bæjarbúar fyrir þátttökuna. Afturelding þakkar Mosfellsbæ, ÍSÍ, UMFÍ, UMSK og sérsamböndum hlýhug og góðar gjafir.

UMFA



1909-2009



Fisk- búðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)

VERÐDÆMI: Réttur dagsins
alla daga 990 kr.

ÝSA R/BL 1090 KR./KG.*

ÝSA M/ROÐI 890 KR./KG.*

ÝMSIR RÉTTIR 1190 KR./KG.*

*ATH. þetta er ekki tilboðsverð heldur fast verð.
Fiskbúðin Mos kom vel út í verðkönnun ASÍ

HOLLT OG GOTT Í SUMAR

**FJÖLBREYTT
ÚRVAL AF FISKI
Á GRILLIÐ**

**OPIÐ
MÁN-FÖS
KL. 10-19**





Heiðursfélagar Aftureldingar. Sveinn Þórarinnsson, Ingólfur Árnason, Hreinn Ólafsson, Ingunn Finnbogadóttir, Freyja Norðdahl, Jón Magnús Jónsson (fyrir hönd afa síns Jóns M. Guðmundssonar heitins), Herbert Pedersen (fyrir hönd móður sinnar Mörtu Maríu Hálfðanardóttur sem var erlendis), Skúli Skarphéðinsson, Tómas Lárusson, Viggó Valdimarsson, Þuríður Hjaltadóttir, Ragnheiður Jónasdóttir, Davíð B. Sigurðsson, Páll Aðalsteinsson, Árni Reynir Hálfðanarson. Á myndina vantar Aðalheiði Finnbogadóttur.

Hátíðarkaffi á 100 ára afmæli Aftureldingar

Félagar heiðraðir



Heiðurshjónin Ragnheiður Jónasdóttir og Pálmar Vígmundsson.



Hreinn Ólafsson og hjónin Skúli Skarphéðinsson og Þuríður Hjaltadóttir.



Birna Björnsdóttir, varaformaður Fimleikasambandsins nærir silfurmerki FSÍ í Evu Magnúsdóttur, formann fimleikadeildar Aftureldingar.



Magnús Guðmundsson, Bjarki Bjarnason, Elísabet Guðmundsdóttir og Elín Reynisdóttir við opnun sögusýningarinnar að Varmá en þau sáu um uppsetningu.



Beggó og Hafsteinn afhenda Elísabetu, Vicente og Gunnu Stínu silfurmerki ÍSÍ. Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, í framkv.stjórn ÍSÍ; Elísabet Guðmundsdóttir, fyrrverandi formaður Aftureldingar og formaður afmælisnefndar; Vicente Carrasco, karateþjálfari; Guðrún Kristín Einarsdóttir, formaður blakedeildar Aftureldingar og Hafsteinn Pálsson, í framkv.stjórn ÍSÍ



Helga Guðrún Guðjónsdóttir sæmir Svövu Ýri Baldvinsdóttur íþróttaskólastjóra starfsmerki UMFÍ.



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar afhenda Jóni Pálssyni ræðupúlt í afmælisgjöf til Aftureldingar frá Mosfellsbæ.



Gullmerki Aftureldingar. Hanna Símonardóttir, knattspyrnudeild og Hlynur Guðmundsson, frjálisíþróttadeild voru sæmd gullmerki Aftureldingar.



Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, Bjarni Ásgeir Jónsson, Davíð B. Sigurðsson, Jóhann Guðjónsson, Ívar Benediktsson, Gísli Jóhannsson, Ingi Már Gunnarsson, Guðjón Helgason. Bjarni og Jóhann voru sæmdir gullmerki HSÍ, Davíð var sæmdur heiðurskrossi HSÍ, Ívar, Gísli, Ingi Már og Guðjón voru sæmdir silfurmerki HSÍ.



Jón Pálsson formaður Aftureldingar, Hanna Símonardóttir, Svanur M. Gestsson, Einar Kr. Guðmundsson, Valur Steingrímsson, Regína Úlfarsdóttir, Bjarki Már Sverrisson, Böel Kristjánsdóttir, Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ. Svanur var sæmdur gullmerki KSÍ, Hanna, Einar, Valur, Regína, Bjarki og Böel voru sæmd silfurmerki KSÍ. Ríkharður Jónsson var ekki á staðnum og en hann hlýtur silfurmerki KSÍ.

Myndir/Magnús Guðmundsson



Menningarvör í Mosfellsbæ

Í tilefni menningarvörs í Mosfellsbæ stendur Mosfellsbær í samvinnu við mosfellska listamenn fyrir viðburðum til að efla mannlífið á erfiðum tímum.

Mosfellskir listamenn leggja fram vinnu sína, starfsfólk Mosfellsbæjar vinnur að undirbúningi og Menningarsvið Mosfellsbæjar kynnir og auglýsir viðburðina. Menningarvör verður haldið þrjú þriðjudaga í Bókasafni Mosfellsbæjar og Listasal Mosfellsbæjar. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Heitt á könnunni.

Komum og upplifum saman menningarvör í Mosfellsbæ – og styðjum hvert annað með því að njóta þess besta sem bærinn hefur upp á að bjóða.

Þriðjudagskvöldið 26. maí kl. 20.-21.30

Leikfélag Mosfellsveitar slær á léttu strengi. Gréta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari og fleiri flytja léttu tónlist.



MOSFELLSBÆR

VIRÐING JÁKVÆDNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar

Frumkvöðlasetrið er rekið í samstarfi við Mosfellsbæ og Impru á Nýsköpunarmiðstöð og er staðsett í V6 Sprotahúsi að Völuteigi 6 í Mosfellsbæ

Ert þú með góða viðskiptahugmynd?

Markmið setursins er að skapa frumkvöðlum í Mosfellsbæ þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita þeim handleiðslu og stuðning við framgang hugmynda sinna

Auglýst er eftir fólki með góðar viðskiptahugmyndir. Þeir sem misst hafa vinnu eru sérstaklega hvattir til að sækja um

Í boði er handleiðsla og stuðningur og skrifstofu- og vinnuaðstaða í skapandi starfsumhverfi

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað fást hjá

Elínu Reynisdóttur í síma 865 0408 og á tölvupósti nomad@internet.is



MOSFELLSBÆR



MOSFELLINGUR

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 12. JÚNÍ

MOSFELLINGUR

Helga Lára Hólm framkvæmdastjóri Ísfugls hefur stundað kjúklingarækt í þrjátíu og fimm ár. Hún segir mikla aukningu á framleiðslu á fuglajakjöti og þá sérstaklega fersku.

Höfum náð góðum árangri

Helga Lára tekur á móti mér með þéttu handabandi á skrifstofu sinni, íklædd fall-egri dragt og nýkomin af fundi. Það er óhætt að segja að líf hennar hafi meira og minna snúist um fugla enda lengi búin að starfa við ræktun þeirra. Hún er konan við stjórnvöllinn hjá Ísfugli sem er fyrsta sláturhúsið á landinu sem byggt er samkvæmt nútímakröfum.

„Ég man vel eftir saltfiskbreiðslu, síldarsöltun og skreiðarvinnu, en mínar bestu minningar eru frá sjóróðrum með Friðbirni afa mínum,“ segir Helga Lára er ég spyr hana út í æskuárin á Seyðisfirði. „Afi átti árabát og lagði ýmist net eða línu í fjörðinn og aflaði nýmetis fyrir heimilið. Í huga mínum eru þessar ferðir ljóslifandi enda fagurt að sjá út á spegilsléttan fjörðinn. Ég var líka nokkur sumur í sveit á Brekku í Fljótsdal og þar tókum við sumarbornin þátt í heyskap upp á gamla mátann.“

Talsímakona á símsstöðinni

Helga Lára er fædd á Seyðisfirði 16. nóvember árið 1942. Foreldrar hennar eru Sigurður Óskar Hólm og Oddný Einarsdóttir Hólm sem bæði eru látin. Helga Lára á tvær yngri systur þær Þóra Jóhönnu og Karlínu Friðbjörgu.

Að loknu barna- og unglínganami á Seyðisfirði var hún tvo vetur í gagnfræðaskóla Akureyrar og útskrifaðist þaðan vorið 1958. Eftir útskrift vann hún hin ýmsu störf á Seyðisfirði, í verslunum, á skrifstofu Kaupfélags Austfjarða og sem talsímakona á símsstöðinni.

Keyptum litla dúkkuibúð

„Árið 1968 flutti ég til Reykjavíkur, þá hafði ég kynnst verðandi eiginmanni mínum, Loga Þóri Jónssyni, sem er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hafði komið á Seyðisfjörð til að vinna í Vélsmiðju Seyðisfjarðar. Á meðan Logi kláraði nám sitt í Vél-skóla Íslands fór ég í verslunar- og skrifstofunám.“

Við eignuðumst fyrst pínulitla dúkkuibúð í Hraunbænum, fluttum okkur svo um set yfir í Kópavoginn en mér fannst ég fyrst komin heim



Dæturnar Sunna Ósk, Oddný Þóra og Jóhanna, á myndina vantar Evu Láru.



þegar við keyptum lögbylið Selvang í Mosfellssveit sumarið 1974. Við eigum fimm börn, dreng fæddan árið 1970 sem lést sama ár, Eva Lára er fædd 1971, Sunna Ósk 1973, Jóhanna 1976 og Oddný Þóra fædd 1986. Barnabörnin eru fjögur.“

Fallegt útsýni til Esjutinda

„Á Selvangi var varphænuþú en við skiptum fljótlega yfir í kjúklingarækt og höfum við hjónin stundað hana síðan eða í þrjátíu og fimm ár. Í nokkur misseri höfðum við líka lítla svínabú. Húsið okkar er í um 190 metrum yfir sjávarmáli og veðrið er í samræmi við það, vorið dálítið seinna á ferðinni og hitastigið aðeins lægra en niðri í hverfi, en við höfum kunnað vel við okkur hér í jaðrinum á Mosfellsheiðinni með mjög fallegt útsýni til Esjutinda og Móskaðshjúkarnir eru í miklu uppahaldi.“

Upplifðum mikið ævintýri

„Síðsumars árið 1996 upplifðum við mikið ævintýri. Við höfðum árum saman kynnt upp húsið okkar með rafmagni sem var rándýrt sérstaklega fyrir kjúklingahúsið og eftir að hafa reynt að fá heitt vatn frá Mosfellsbæ ákváðum við ásamt ná-

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

grönnum okkar í Selholti að bora eftir heitu vatni. Lánið lék við okkur og borholan gefur nóg af 80 gráðu heitu vatni sem bæirnir tveir nota til að hita upp íbúðir og útihús, reksturinn á Hitaveitu Selbæja gengur vel og við eigum heilmikla orku ónýttá,“ segir Helga Lára glöð í bragði.

Samkomulagið gott

„Ég tók við Umboðskrifstofu Sýslumanns í Mosfellsbæ árið 1983 af Hrólfí Ingólfssyni og starfaði þar í þrjú ár. Síðustu tvo áratugi höfum við hjónin unnið við fyrirtækið Ísfugl í Mosfellsbæ sem sér um slátur og sölu kjúklinga og að hluta til kalkúna. Ég sat í byggingarnefnd hússins þegar það reis árið 1978 og var það fyrsta alifuglasláturhús á landinu sem var byggt samkvæmt nútímakröfum. Frá árinu 2000 hef ég starfað sem framkvæmdastjóri en áður hafði Logi maðurinn minn sinnt því starfi í tíu ár. Eigendur fyrirtækisins eru að stærstum hluta fjórir alifuglaframleiðendur og erum við hjónin þar á meðal. Hjá Ísfugli vinna 33 starfsmenn þar af 17 útlendingar af sex þjóðernum og samkomulagið er mjög gott.“



Reksturinn gengur vel

„Margir halda að kjúklingar séu aldri upp í búrum en það er fjarri lagi,“ segir Helga Lára. „Kjúklingaræktin fer þannig fram að daggamlir holdaungar fara í eldishúsin sem eru hituð upp í þrjátíu gráður, þykkt lag af hefilsprónum er sett á gólfín í stíunum og þar eru fuglarnir fóðraðir í fjórar til fimm vikur. Íslenskir kjúklingaframleiðendur hafa náð mjög góðum árangri í baráttunni við kamfýlóbakter og salmonellu og hefur árangurinn vakið eftirtekt erlendra dýralækna. Rekstur Ísfugls hefur gengið vel og við sjáum mikla aukningu á framleiðslu á fuglajakjöti og þá sérstaklega fersku. Fyrirtækið hefur staðið af sér erfiðleika svo sem eins og þegar kjötmarkaður fór í uppnám fyrir nokkrum árum vegna offramleiðslu. Nú eru uppi annars konar erfiðleikar sem koma illa við alla þjóðina og rekstur fyrirtækja er erfiður en misjafnlega þó og eigum við ekki von á öðru en Ísfugl standi af sér hremmingarnar. Kjúklingakjötið á sífellt meiri vinsældum að fagna enda er það fitulítið, hollt og gott og auðvelt í matreiðslu.“

Gönguferðir um holt og móa

Aðspurð um það hvort þau hjónin komist eitthvað í sumarfrí segir Helga Lára. „Búreksturinn kallar vissulega á mikla viðveru og hafa sumarfríin okkar yfirleitt verið heldur stutt, en við ferðumst innanlands sem utan og Kanaríferðir hafa verið fastir liðir undanfarin ár. Gönguferðir um holt og móa í okkar nánasta umhverfi er líka alveg það besta sem hægt er að hugsa sér.“

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Kynningarfundur um tvöföldun Vesturlandsveggar

Vegagerðin og Mosfellsbær halda opinn kynningarfund í Hlégarði þann 19. maí kl. 17:00. Kynnt verður fyrirhuguð framkvæmd við tvöföldun Vesturlandsveggar milli Þverholts og Þingvallahringtorgs.

Fulltrúar Vegagerðarinnar munu kynna framkvæmdina og fyrirhugaðan framkvæmdatíma ásamt gerð hljóðvarna á umræddum kafla. Fundurinn er öllum opinn og íbúar hvattir til að mæta og kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



MOSFELLSBÆR



MOSFELLSBÆR

SUMARNÁMSKEIÐ

barna og unglinga

sumarið 2009

Allar upplýsingar um frístundastarf má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar
www.mos.is





Glaðningur Karla-kórs Kjalnesinga

Karлакór Kjalnesinga hélt útgáfutónleika í Digraneskirkju 2. maí sl. fyrir á fjórða hundrað áheyrendur. Sama dag kom út þriðji geisladiskur kórsins, Glaðningur, sem inniheldur 14 kunna söngdansa frá liðnum áratugum. Flest löggin eru útsett af Páli Helgasyni kórstjóra en einnig koma við sögu Carl Billich og Óskar Einarsson. Guðrún Gunnarsdóttir syngur tvö lög á disknum og kórfélagarnir Jóhannes Freyr Baldursson og Sigurður Hansson hvor sitt lag. Undirtektir tónleikagesta voru afar góðar og eru líkur á að tónleikarnir verði endurteknir á haustdögum. Diskurinn er til sölu hjá Hlfn blómahús, hjá kórfélögum og á karlakor@karlakor.is. Hægt er að heyrna tónðæmi á www.karlakor.is.



Stærðfræðin heillar

Það sannast aftur og aftur að það er algerlega hægt að gleyma sér í því að leysa stærðfræðiprautir. Hér sjást 5-7 ára nemendur njóta sín í stærðfræðistofunni hjá Helgu Láru kennara í Varmárskóla.



Heilsudagur að Varmá

Heilsuvika fór fram í Mosfellsbæ 27. apríl-2. maí og voru bæjarbúar hvattir til að skerpa á heilbrigðum lífsháttum sínum. Heilsuvikunni lauk með skemmtidagskrá við íþróttahúsið að Varmá laugardaginn 2. maí. Það var stýrihópur lýðheilsuverkefnisins „Allt hefur áhfrif - einkum við sjálf“ sem stóð fyrir heilsuvikunni.



Kátir krakkar að loknu leikskólahlaupi.



40 lið tóku þátt í Fjölgreindaleikum í Lágafellsskóla


Sigurveggarar í liði 29

Í apríl voru haldnir Fjölgreindaleikar í Lágafellsskóla þar sem nemandur í 1.-7. bekk var skipt þvert á árganga í 40 lið þar sem fyrirliði var nemandi úr 6. eða 7. bekk. Hvert lið tók 20 stöðvar sinn hvorn daginn, eða alls 40 stöðvar, þar sem kennarar voru í hlutverki stöðvarstjóra. Meðal prauta var SMS-þraut, actionary, spilakast, kollhnísakapp, það var lagið og margt, margt fleira.

Eftir páska var sigurliðinu, sem var lið nr. 29, afhentur farandsbikar og svo fengu þeir fyrirliðar sem þóttu skara fram úr að mati stöðvarstjóra viðurkenningarskjöl. Vinningsliðið var skipað svona:


Sóldís Rós Símonardóttir 7. DK fyrirliði, Ísak Bergmann Viðarsón 1. HG, Ísak Pétur Bjarkason Clausen 1. KE, Hafsteinn Hugi Laxdal 2. KI, Eva Aðalsteinsdóttir 3. BIG, Dóra Kristný Gunnarsdóttir 3.LH, Aníta Karen Sigurðardóttir 4. ÁV, Auður Ragnarsdóttir 4.HS, Andrés Kári Kristjánsson 5.EB, Arna Rún Kristjánssdóttir 5.JL, Aron Ingi Kevinsson 6.AM, Pétur Leó Hranarsson 6.HE,

Þeir fyrirliðar sem þóttu skara fram úr voru Stefán Ás Ingvarsson 7-DK og Stella María Gunnlaugsdóttir 7-AH. Á myndina vantar þrjá úr vinningsliðinu.



Lömbin komin á legg í Helgadal

Sauðburður er nú á fullum gangi víðsvegar um sveitir landsins og lömbin fæðast hvert af öðru. Það er því í nógu að snúast hjá bændum og búaliði um þessar mundir. Í fjárhúsinu hjá Hreini í Helgadal var Rökkvi Dan með ömmu Lillu að taka á móti lömbum þegar þessar myndir voru teknar.



„Gríptu daginn“ í Mosfellskirkju

„Gríptu daginn“ - í kyrrð, kyrrðardagur í Mosfellskirkju fer fram í Mosfellskirkju laugardaginn 16. maí kl. 10-16. Íhugun, kyrrð og útivera í fallegu umhverfi og kirkju í dal skáldanna, Mosfellsdal. Á kyrrðardeginum er farið í hvarf og tekið hlé frá daglegri önn. Þögnin og kyrrðin veita tækifæri til íhugunar, að mæta sjálfum sér og Guði, að sjá líf sitt í nýju ljósi, vinda ofan af sér veturinn og láta uppbyggjast og endurnærast á sál og líkama. Umsjón með deginum hafa Sigurbjörg Þorgrímsdóttir, djáknaefni og leiðbeinandi í kristinni íhugun og sr. Ragnheiður Jónsdóttir, sóknarprestur. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Upplýsingar og skráning: sr. Ragnheiður Jónsdóttir sími 869-9882



MOSFELLSBÆR

Skóli til framtíðar

Mosfellsbær býður til skólaþings laugardaginn 16. maí kl. 9-12.

Markmiðið er að sækja hugmyndir og skoðanir til íbúa Mosfellsbæjar sem og fagfólks á sviði skólamála. Í Mosfellsbæ er metnaðarfullt skólastarf leik- og grunnskóla, Listaskóla og í haust hefst rekstur framhaldsskóla. Foreldrar, nemendur og aðrir áhugasamir um framtíð skólamála í Mosfellsbæ eru hvattir til að mæta, taka þátt og hafa áhrif.

Hvers vegna skólaþing?

Stefnt er að því að endurskoða skólastefnu Mosfellsbæjar. Skólaþinginu er ætlað að vera vettvangur bæjarbúa og annarra sem áhuga hafa á að hafa áhrif á málefni skóla bæjarins. Afrakstur þingsins verður nýttur til vinnu við endurskoðun á skólastefnu Mosfellsbæjar.

Skólaþingið verður haldið laugardaginn 16. maí kl. 9-12 í Lágafellsskóla. Boðið verður upp á morgunhressingu kl. 8.30-9.00.

Boðið verður upp á barnapössun fyrir yngri en 10 ára. Börn 10 ára og eldri eru hvött til að taka þátt í skólaþinginu.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



Með silfurskeið í munn. Stelpurnar kunnu vel að meta eftirréttinn sem var í boði.



Ragnheiður Erla, formaður nemendaráðs, var kosin tilvonandi Hollywoodstjarna skólans.

Glæsileg árshátíð nemenda í 8.-10. bekk fór fram á stjórnutorgi skólans

Árshátíð Varmárskóla

Árshátíð Varmárskóla fór fram þann 21. apríl í matsal skólans. Boðið var upp á hunangsgljáðar kjúklingabringur og meðlæti að hætti Hansa í mötuneytinu og þjónuðu kennarar og starfsmenn skólans til borðs. Fjöldi skemmtiatriða var í boði og voru meðal annars þau Eysteinn og María Gyða kosin herra og ungfrú Varmárskóli. Neðri hæð eldri deildar var breitt í stjórnutorg eins og það gerist best í Hollywood. Stjórnur á gólfi, gylltar blöðrur, rauðir dreglar og öll umgjörð hin glæsilegasta. Nemendur sýndu og sönnuðu að hér fer hópur ungmenna sem getur skemmt sér án vandræða og voru þau til fyrirmyndar.



Fríða, Krístrún, Embla og Anna úr 10. bekk.



Katla, Tinna, Enya og Þórey voru glæsilegar.



Svartar skyrtu og hvít bindi voru áberandi.



Ásdís, Alda, Berglind, Anna, Krístrún og Fríða.



Vinkonurnar Alda, Lára og Berglind.



Sigurður Kári og Eysteinn bregða á leik.



Flottar stelpur og til fyrirmyndar.



Embla og Arndís bíða eftir eftirréttinum.



Bob Gillan og Ztrandverðirnir í stuði.



CE LA VI

Gleðileikur í anda Little Britain eftir Maríu Guðmundsdóttur

Ekta franskt kaffi

snarvitlaust fjör og geggja

uppákomur. Sýning sem

má miss

CHEZ MAGGA OG GUNNI!

Nýtt íslenskt leikrit eftir Maríu Guðmundsdóttur
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

Uppselt á fyrstu 4 sýningarnar

Næstu sýningar:

sunnudaginn 24. maí kl. 20.00

miðvikudaginn 27. maí kl. 20.00

fimmtudaginn 28. maí kl. 20.00

Sýnt í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Miðapantanir í síma 566 7788



Ókeypis námskeið hjá Kjósarsýsludeild Rauða krossins

Börn og umhverfi er námskeið fyrir börn fædd 1997 og fyrr sem gæta yngri barna. Farið verður í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Einnig er lögð áhersla á slysavarnir og algengar slysaættur í umhverfinu.

Námskeiðið verður haldið í Þverholti 7 dagana 18., 20., 25. og 27. maí – kl. 17-20. Upplýsingar og skráning í netfangi kjosarsysla@redcross.is og síma 898-6065.

Mannúð og menning er ókeypis sumarnámskeið fyrir 7-12 ára börn. Lögð er áhersla á fræðslu og leiki í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Námskeiðin eru haldin í Sjálfboðaliðamiðstöðinni Þverholti 7. Hvert námskeiðið er ein vika frá mánudegi til föstudags, kl. 9-16.

1. námskeið: 7-9 ára, vikan 8.-12. júní
2. námskeið: 10-12 ára, vikan 15.-19. júní
3. námskeið: 7-9 ára, vikan 22.-26. júní

Takmörkuð sæti eru í boði og skráning á www.redcross.is því nauðsynleg.

Sjálfboðaliðamiðstöðin Þverholti 7 er opin alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10-13. Alltaf heitt á könnunni, nettengdar tölvur og fjölbreyttir viðburðir í boði. Allir hjartanlega velkomnir.

Næstu viðburðir á opnu húsi eru:

Þriðjudaginn 19. maí: Máttur orðsins - fjallað um áhrifamátt mæltis og ritaðs máls á daglega líðan okkar. Uppbyggilegur fyrirlestur og spjall sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.
Þriðjudaginn 26. maí: Gardínusamur - Hver vill ekki geta saumað sínar eigin gardínur? Gagnlegar ráðleggingar og spjall.
Þriðjudaginn 2. júní: Hagnýt ráð í atvinnuleit – Fjallað um mikilvægi þess að vera markviss í atvinnuleitinni. Hvað þarf helst að hafa í huga, hvernig skal bera sig að.

Ertu með eitthvað á prjónunum?

Sjálfboðaliðar hittast á miðvikudögum í Þverholti 7 kl. 13-15 til að taka þátt í verkefninu Föt sem framlag, þar sem föt eru prjónuð til sölu í Rauðakross búðunum eða fyrir ungbörn í Afríku. Prjónar og garn eru á staðnum, en einnig er velkomnið að taka með sér sitt eigið prjónadót. Rjúkandi kaffi á könnunni og með því.

Óskum eftir öllu afgangsgarni og prjónum sem fólk er tilbúið að gefa í þetta verkefni. Enginn garnspotti er svo lítill að ekki sé hægt að nýta hann!

RÆKTAÐU GARÐINN ÞINN

Þjóðum á námskeið í matjurtarræktun. Mánudaginn 18. maí kl. 17-19 í safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3, 2. hæð. Leiðbeinandi verður Jóhanna B. Magnúsdóttir, garðyrkjufraeðingur. Þátttaka gjaldfrí. Allir velkomnir
Ráðgjafatorgið – sjá nánar www.mos.is

FMOS

Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Aðstoð við innritun og námsráðgjöf

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ býður nemendum sem eru að ljúka grunnskóla og foreldrum þeirra að koma og fá aðstoð náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda vegna innritunar í skólann.

Aðstoðin verður í Lágafellsskóla og Varmárskóla eins og hér segir:

Lágafellsskóli 2. og 3 júní kl. 16–19
Varmárskóli 27. og 28. maí kl. 16–19

Skólameistari



Reiðskóli Berglindar

Reiðnámskeið verða á
Varmárbökkum Mosfellsbæ í sumar

**Námskeiðin hefjast 8. júní
og verða fram í miðjan ágúst.**


Námskeiðin eru í eina viku í senn
þ.e. frá mánudegi til föstudags frá
kl. 9-12 eða frá kl. 13-16.

Verð 9.000 kr. Veittur er systkinaafsláttur.

Stubbanámskeið verður vikuna
13.-17. júlí fyrir 4-6 ára.

Skráning í síma: 899-6972 eða 566-6401 eftir kl. 16

Berglind Inga Árnadóttir
Íþróttakennari



Mosverjar tóku þátt í „Jamboree on the trail“

Fálkaskátar við Helgufoss

Fálkaskátar í Mosverjum gengu á dögnum frá skátaheimilinu í Mosfellsbæ að Helgufossi í Mosfellsdal. Með göngunni voru skátarnir þátta- kendur í Alþjóðlegri skátagöngu sem gengin var víðsvegar um heiminn þennan dag. Gangan heitir „Jamboree on the Trail“ eða „JOTT“.

Dagsferðin var farin laugardaginn 9. maí og gengu krakkarnir í u.þ.b. fjórar klukkustundir og borðuðu síðan nesti við fossinn.



Reiðskólinn Vindhóll Helgadal

Tveggja vikna námskeið
fyrir öll börn á aldrinum 6 til 16 ára

Fyrir og eftir hádegi 9-12 / 13-16

Fyrsta námskeiðið er 8. júní til 19. Júní

Annað námskeiði er 22. Júní til 3. Júlí

Þriðja námskeiði er 6. Júlí til 17. Júlí

Umhirða hestsins, hestaferðir, og allt þar á milli

Allar nánari upplýsingar hjá Önnu Báru í síma:
861 4186



Nýtt íslenskt leikrit hjá Leikfélagi Mosfellssveitar

Ekta franskt kaffihús

Laugardaginn 2. maí var leikritið Chez Magga frumsýnt hjá Leikfélagi Mosfellssveitar. Þetta er nýtt íslenskt gamanleikrit eftir Maríu Guðmunds- dóttur í leikstjórn Guðnýjar Maríu Jónsdóttur, en alls taka þátt í uppset- ningunni 19 leikarar og tónlistarmenn.

Á sýningunni eru leikhúsgestir boðnir velkomnir á ekta franskt kaffihús sem rekið er af mæðgunum Rögggu, Mögggu og Gögggu. Leikritið gerist á einu kvöldi sem gengur ekki átakalaust fyrir sig og ýmsar spaugilegar uppákomur eiga sér stað. Leikritið er interaktíft, leiksviðið er kaffihús og áhorfendur sitja við borð á meðal leikaranna og taka þátt í sýningunni. Á milli leikatriða eru svo tónlistaratriði og þá gefst gestum tækifæri til að panta sér drykki.

Sýningin hefur fengið frábærar viðtökur og hefur verið fullt á hverri sýningu. Næstu sýningar verða sunnudaginn 24. maí, miðvikudaginn 27. maí og fimmtudaginn 28. maí.

Aðalfundur Sögufélags Kjalarnespings

verður haldinn á Ásláki miðvikudaginn
20. maí og hefst hann kl. 20.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf. Önnur mál.

Á fundinum munu Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson sýna myndir úr 100 ára sögu Aftureldingar. Nýir félagar velkomnir.

Boðið verður upp á kaffi og kleinur.

Stjórnin.

BÆTT BROS - BETRI LÍÐAN

Nýsmíði tanngerva

gervigómar, partar, viðgerðir, fóðranir
lýsingaskinnur, bithlífar, íþróttahlífar

Máttaka, skil og lagfæringar á staðnum.

Samningur við Tryggingastofnun Ríkisins



Hlíðasmára 9 201 Kópavogur
Tímappantanir 565 5650

Birta Jóhannesdóttir Klínískur tannsmiður
Halldóra Friðriksdóttir Klínískur tannsmíðameistari

LEIKGLEÐI 2009



LEIKGLEÐI 6 - 9 ÁRA

8.-19. júní kl. 12:00-13:30 og 22. júní-3. júlí kl. 12:00-13:30.
Verð 4000 kr.

Í sumar verður boðið upp á tvö tveggja vikna námseið fyrir 6-9 ára börn. Á námskeiðunum verður farið í ýmsar leiklistaræfingar og -leiki, einnig verður framkoma, framsögn og sjálfstraust eftt. Í lok hvers námskeiðs verður sett upp sýning með afrakstri námskeiðsins.



LEIKGLEÐI 10 - 12 ÁRA

8. júní-3. júlí kl. 14:00-16:00.
Verð 6000 kr.

Á námskeiðinu læra nemendur helstu leiklistaræfingar og leiki, þjálfast í framkomu og efla sjálfstraust. Í lok námskeiðsins verður settur upp söngleikur.



LEIKGLEÐI 13 - 16 ÁRA

8. júní-7. ágúst kl. 16:30-19:30.
Verð 9000 kr.

Unnið verður með persónusköpun, spuna, framsögn, framkomu og sjálfstraust. Á námskeiðinu verður settur upp söngleikur sem reynir bæði á söng-, dans- og leikhæfileika krakkanna. Söngleikurinn verður frumsýndur í síðustu viku námskeiðsins og sýndur áfram í ágúst.



Kennarar verða Agnes Þ. Wild og Sigrún Harðardóttir.

**Skráning í síma 866-6787
eða á leikgledi09@gmail.com**



Hreiðar Örn Gestsson og Elísabet Ólafsdóttir í sólskinsskapi.



Hjónin Jónas Sigurðsson og Guðrún Skúladóttir.



Kosið var í Lágafellsskóla og var kjörsókn mjög góð.



Daði Runólfsson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir á leið á kjörstað.



Hjónið Magnea og Gestur ganga til kosninga.



Guðný Halldórsdóttir, Halldór Þorgeirsson og Auður Laxness.



Óðinn Pétur Vigfússon, Snorri Hreggviðsson og Óli Tran.



Marta G. Sigurðardóttir og Salome Þorkelsdóttir í Hlégarði.



Karl Tómasson og Ólafur Gunnarsson við kosningaskrifstofu VG.



Bryndís Bjarnarson og Sív Friðleifsdóttir í sal Framsóknar.

87,3% kjörsókn var í Mosfellsbæ í blíðskaparveðri á kjördag þann 25. apríl

KOSIÐ TIL ALÞINGIS 2009



Formaður kjörstjórnar Kjósarhrepps, Sr. Gunnar Kristjánsson sló inn kjörfund á slaginu 12 á hádegi á kjördag. Birgir Stefánsson fulltrúi yfirkjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi, kjörstjórnarmennirnir Hreiðar Grímsson og Guðbrandur Hannesson og Sr. Gunnar.



Mosfellingar kusu í Lágafellsskóla og skiptust í fimm kjördeildir.



Kosningakaffi hjá Vinstri grænum í gamla Krónu-húsinu.



Raðir mynduðust gjarnan við kjörklefa á helstu álagstímum.



Ánægður kjósandi búinn að gera upp hug sinn og greiðir atkvæði.



Jónas Sigurðsson, Gerður Pálsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir á XS kosningaskrifstofunni.



Gott veður og hressir strákar. Siggí, Þrándur, Steindi, Gústi og Dóri.





Undirbúningur fyrir Músmos stendur nú yfir

Tónleikahátíð sem haldin verður
13. júní í Álafossvos.

Í fyrra komust færri að en vildu og viljum við endilega að hljómsveitir sem að hafa áhuga á þátttöku hafi samband við aðstandendur sem fyrst.

Einnig er leitað eftir fyrirtækjum eða þeim sem að sjá sér það fært, að styrkja framtakið á einhvern hátt.

Síðasta hátíð tókst stórkostlega og vonast aðstandendur eftir því að bæjarbúar taki þessu framtaki vel og flykkist á viðburðinn.

Áhugasamir hafi samband við
Teit Björgvinsson í síma: 691-8275



Amma Sigríður tók sig til og þrjónaði á heilan bekk „Takka, amma Sigríður“

Amma hennar Sigurástar í 3. SÓP þrjónaði á dögnum vettlinga á alla krakkana í bekknum og færði þeim að gjöf. Þessi hlýlega og fallega gjöf gladdi börnin í bekknum mjög mikið og vildu þau koma á framfæri innilegu þakklæti til ömmu Sigríðar fyrir þessa fallegu gjöf.

Vortónleikar Reykjalundarkórsins 2009



Stjórnandi Íris Erlingsdóttir

Píanóleikari Anna Rún Atladóttir

Bassaleikari Borgþór Jónsson

Trommuleikari Hrafnkell Örn Guðjónsson

Tónleikarnir eru sunnudaginn 17. maí í Fella- og Hólakirkju kl. 17:00

Á efnisskrá eru meðal annars Bítla- ABBA- og Hljómasýrpur og ýmis söngleikjalög

Miðaverð er 1.500 krónur.



MOSFELLSBÆR

Í TÚNINU HEIMA

Bæjarhátíðin „Í túninu heima“ verður haldin dagana 28. – 30. ágúst.

Öllum fyrirtækjum, félagasamtökum, klúbbum, einstaklingum sem áhuga hafa á að kynna starfsemi sína fá sýningarbás sér að kostnaðarlausu í Íþróttahúsinu að Varmá á meðan hátíðin stendur yfir.

Þeir sem hafa áhuga á að koma að hátíðinni með dagskrátriði eru einnig beðnir um að hafa samband.

Uppbygging dagskrárinnar verður með svipuðu sniði og sl. ár þó auðvitað sé tekið vel á móti öllum nýjum hugmyndum.

Vinsamlega hafðu samband að loknum þessum lestri til eftirfarandi: Netfang: dadithor@internet.is eða í síma: 663-9225.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Mjög ásættanleg rekstrarniðurstaða

Rekstur bæjarsjóds á árinu 2008 gekk vel – ekki síst ef miðað er við aðstæður í þjóðfélaginu á síðasta ársfjórðungi. Rekstrarafgangur af A-hluta, að undanskildum fjármagnsgjöldum, var 414 milljónir króna. Fjármagnsgjöld voru tæpar 439 milljónir og því nemur rekstrarhalli A-hluta bæjarsjóds um 25 milljónum á árinu 2008.



Notuðum góðærið til að greiða niður lán

Mosfellsbær hefur ekki, frekar en önnur sveitarfélög, farið varhluta af efnahagsástandinu. Þrátt fyrir að hafa verið vel í stakk búíð til að bregðast við utanaðkomandi erfiðleikum ollu fjármagnsgjöld því að rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð. Samt sem áður er lánasafn Mosfellsbæjar að stórum hluta í íslenski mynt og því ekki um verulegt gengistap að ræða eins og hjá mörgum öðrum sveitarfélögum.

Mosfellsbær er ekki skuldsatt bæjarfélag og notaði góðærið til að greiða niður lán. Ekki höfðu verið tekin langtímalán síðan árið 2004. Þetta var gert meðal annars til þess að búa svo um hnútana að hægt yrði að mæta hremmingum kæmu þær upp.

Ljóst er að rekstrarumhverfi sveitarfélaga er mjög erfiðt um þessar mundir og eru mörg sveitarfélög mjög illa stödd. Nýverið hafa stór

sveitarfélög birt ársreikninga sína og mörg þeirra hafa því miður verið að skila nokkurra milljarða rekstrarhalla. Þetta sýnir hversu starfsumhverfið er viðkvæmt og hve nauðsynlegt er að gæta aðhalds, útsjónarsemi og varfærni á tímum sem þessum.

Ástandið krefjandi

Það er ánægjulegt fyrir íbúa Mosfellsbæjar að fjárhagsstaða bæjarsjóds sé sterk þrátt fyrir aðstæður í þjóðfélaginu og að sveitarfélagið sé í stakk búíð til að takast á við tímaþundin áföll. Hinu ber þó ekki að leyna að ástandið er krefjandi og að tekjur sveitarfélaga, þar með talið Mosfellsbæjar, eru að lækka verulega vegna aukins atvinnuleysis og lækkanði tekna íbúa. Því er nauðsynlegt að taka erfiðar ákvarðanir á tímum sem þessum og hluti af þeim birtist í fjárhagsáætlun ársins 2009 sem unnin var sameiginlega af öllum flokkum í bæjarstjórn.

Nauðsynlegt hefur verið að færa ýmsar fórnir þótt reynt hafi verið eftir fremsta megni að hagræða svo að

þær komi sem minnst niður á þjófnustu við íbúa. Sem dæmi má nefna að Mosfellsbær hefur þurft, eins og önnur sveitarfélög að fækka viðbótarkennslustundum í 1.-4. bekk og kenna þá samkvæmt viðmiðunarkennsluskra menntamálaráðuneytisins frá og með næsta hausti.

Óskum eftir samstarfi við bæjarbúa

Ljóst er að rekstur ársins 2010 verður einnig erfiður og því er verk að vinna. Nauðsynlegt verður að leita til starfsfólks bæjarins, og Mosfellinga allra, á næstu misserum eftir skilningi og hugmyndum til þess að ná sem best markmiðum um ábyrgan rekstur sveitarfélagsins.

Bæjaryfirvöld Mosfellsbæjar vilja eiga gott samstarf við bæjarbúa um þær ákvarðanir sem taka þarf á komandi misserum en eru þess jafnframt fullviss að brátt mun koma betri tíð með blóm í haga.

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri

Aukið umferðaröryggi, greiðari umferð

Umferðaröryggi eykst til muna með breikkun Vesturlandsvegur milli Hafvatnsvegur í Mosfellsbæ og Þingvallavegur um Ullarnesbrekku. Einnig verður umferð jafnari og greiðari. Stefnt er að því að bjóða verkíð út í sumar. Framkvæmdum ætti þá að vera lokið næsta sumar, sumarið 2010.



Nú er unnið að verkhönnun vegna tvöföldunarinnar en þriðjudaginn 19. maí verður haldinn kynningarfundur í Hlégarði frá kl. 17 til 19 þar sem framkvæmdin verður kynnt.

Það sem mælir með þessari framkvæmd er fyrst og fremst auknið umferðaröryggi, en á þessum kafla er mikil umferð, meðal annars þungra bíla. Freistast menn þess vegna gjarnan til framúrskursturs sem skapar hættu. Það ástand hverfur með tilkomu tvöföldunarinnar. Þá verður tengingu við Ásland inná Vesturlandsveginn lokað og umferðinni beint um hringtorgið sem eykur einnig umferðaröryggið.

Á framkvæmdatímanum verður

reynt sem mest er kostur að takmarka truflanir á umferð. Umferð verður til dæmis tímabundið beint um gatnamótin við Ásland, meðan unnið er við hringtorgið við Álafossveg. Á meðan á því stendur verða sett upp umferðarljós á Vesturlandsveginn til að tryggja öryggi vegfarenda.

Að lokinni framkvæmd verður nýi vegurinn með 2+2 sniði með þriggja metra öryggisvæði á milli og vegriði til að aðskilja akstursstefnur.

Í framkvæmdinni felst það nákvæmlega að tvöfalda Vesturlandsveginn milli Þverholts og Þingvallahringtorgsins. Á mótum Hringvegur og Álafossvegur verður tvöfalt þriggja arma hringtorg. Milli hringtorgsins við Þverholt að hringtorginu við Álafossveg verður núverandi vegur breikkaður í suður en yndri kanturinn, sem er nær íþróttasvæðinu, verður nánast óbreyttur.

Kaflinn norðan Álafossvegur að hringtorginu við Þingvallaveg verður breikkaður norð-vestan megin en

núverandi vegkantur (axlarbrún), sem snýr að byggðinni færast ekki nær henni nema næst hringtorginu við Álafossveg. Á kaflanum að Áslandi er jafnframt gert ráð fyrir nýrri hljóðmön milli vegur og byggðar.

Brúin á Hringveginum yfir Varmá verður breikkuð báðum megin og undirgöngin þar austan megin lengd til suðurs. Stígur frá undirgöngunum verður lagður í nýrri legu fjær Hringveginum, á nýrri göngubrú yfir Varmá og yfir Álafossveg um nýja miðeyju þar. Undirgöng úr stáli við Ásland verða lengd í átt frá byggðinni.

Auk þess að loka tengingunni við Ásland er fyrirhugað í samvinnu við Mosfellsbæ að færa biðstöð strætisvagna á þeim stað sunnar og þannig nær undirgöngunum, auk þess sem hljóðvist verður bætt með hljóðgirdingu og/eða lengingu mana meðfram Hringveginum.

G. Pétur Matthíasson
upplýsingafultrúi Vegagerðarinnar



Costa del Hafrvatn

Það verða líklegast fáir Mosfellingar sem leyfa sér þann munað að flatmaga á erlendri sólarströnd í sumar. En er í staðinn mögulegt að skella sér á sólarströnd í Mosfellsbæ? Við norðanvert Hafrvatn er skemmtileg fjara og er meðfylgjandi mynd tekin þar einn góðvildisdaginn síðastliðið sumar. Vatnið er þarna aðgrunnt nokkuð langt út og því hentugt til busls og leikja. Hinsvegur er lítil sandur á ströndinni en þeim mun meira af grófri mól og grjóti, sem gerir svæðið verra en það gæti annars verið.

Ég er nokkuð viss um að þessi strönd er í eigu bæjarfélagsins og ætti að vera lítið mál fyrir bæinn að bæta aðstöðuna þarna svo Mosfellsbæingar fái betur notið þessarar skemmtilegu strandar. Til að byrja með mætti hreinsa burt grófustu mölina úr fjörrunni og fyrstu metrana úti vatnið og bæta í staðinn við sandi. Þetta er líklega frekar ódýr framkvæmd sem þó myndi veita bæjarbúum á ýmsum aldri ánægju og gleði á komandi árum hvort svo sem þeir myndu spóka sig á ströndinni fáklaðir eður ei.

Egill Helgason, Skeljatanga 26

Vortónleikar í Bæjarleikhúsinu

Kór leikskólafólks Mosfellsbæjar hélt árlega vortónleika sína í Bæjarleikhúsinu þann 5. maí sl. Margt fólk lagði leið sína á tónleikana en á dagskránni voru íslensk og erlend dægurlög.



Dagur heildrænna meðferða í Mosó 21. maí

Í Lágafellsskóla kl. 11-17

● Einstakt tækifæri til að kynnst og fá að prófa meðferðarform er veitt geta betri líðan. Öllum að kostnaðarlausu.

● Fjöldi fólks mun veita stuttar 20 mínútna meðferðir s.s. höfuðbeina- og spjald, Bowen, nudd, heilun, hómópatíu, öndunartækni, miðlun.

● Fyrirlestrar verða í tveimur stofum í einu og hefjast alltaf á heila tímanum. Jógatími kl. 14.

● „Deginum okkar“ lýkur með tónleikum kl. 16. Þar sem Seiðlæti syngja fyrir opnun og heilun sumars. Aðgangur kr. 1000.

Í Lágafellslaug kl. 9-10:30

Aðgangseyrir er í sund en meðferðin er frí
Stutt axlanudd í heitu pottunum
Höfuðbeina- og spjald í innilauginni.

F.h. hópings Vigdís Steinþórsd. s. 863-5614



ALLIR
VELKOMNIR

PIZZUR

	9"	12"	15"	18"	
MARGARITA	m/sósu og osti	970	1390	1680	1990
KRYDDPIZZA	m/osti og kryddblöndu	970	1390	1680	1990
SJÁVARRÉTTAPIZZA	m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi	1450	2020	2650	3470
HAWAII	m/sósu, osti, skinku og ananas	1240	1790	2360	2920
SOMBRERO	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni	1450	2020	2650	3470
HRÓI HÖTTUR	m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk	1570	2250	2990	3580
BOLOGNESE	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papríku	1450	2020	2650	3470
MEXICANA	m/sósu, osti, kjúklingi, nachos, lauk, papríku, rjómaosti og jalapenos	1570	2250	2990	3580
HRÓI FAJITAS	m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maískorni	1450	2020	2650	3470
GRÆNMETISPIZZA	m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti	1570	2250	2990	3580
AMERICANA	m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk	1450	2020	2650	3470
OSTAVEISLA	m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti	1510	2100	2740	3270
SPECIALE	m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos	1570	2250	2990	3580
PEPPERONI	m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar	1570	2250	2990	3580
JUVENTUS	m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum	1450	2020	2650	3470
PIZZA BANANAS	m/sósu, osti, pepperoni, banönum og ananas	1450	2020	2650	3470
SUPREME	m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku, pepperoni, sveppum, papríku, ananas og lauk	1590	2570	3250	4390
KJÖTVEISLA	m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni	1450	2020	2650	3470
HVÍTLAUKSBRAUÐ	m/osti, kryddi og hvítlauksoliu	970	1390	1680	1990

BRAUÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

	9"	12"	15"	18"
Grunnverð á pizzu:	970	1390	1680	1990
Verð á hvert álegg:	190	290	420	510

SÍMI: 55 44444

Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

HAMBORGARAR

Allir okkar hamborgarar eru bornir fram með frónskum.

30. **HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR** 1200/1490 Kr.
Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu
31. **BARBEQUE BORGARI** 1310 Kr.
Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu
33. **BEIKON BORGARI** 1420 kr.
Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu





Búið að opna MotoMos-brautina

Búið er að opna Motocrossbrautina á Tungumelum á nýjan leik eftir veturinn. Brautin var tekin í notkun í fyrra og hefur gjörbreytt allri aðstöðu til iðkunnar þessara íþróttagreiðna. Nýlega hélt Mícke Frisk námskeið á brautinni sem var vel sótt. Frisk er þekktur í mótörhólaheiminum og hefur keppt um allan heim. Árskort á brautina eru nú til sölu á N1 og nánari upplýsingar má finna á motomos.is.



Árgangamót í knattspyrnu

Knattspyrnudeild Aftureldingar stendur fyrir árgangamóti í knattspyrnu á Tungubökkum laugardaginn 23. maí. Hver árgangur frá '64-'85 skipar eitt lið í keppninni sem samanstendur af bæði konum og körlum. Um kvöldið fer svo fram stórdansleikur með Sálinni hans Jóns míns í íþróttahúsinu að Varmá. Nánari upplýsingar má finna á afturelding.is eða hjá Þórsa í síma 894-9142.



Boltinn byrjaður að rúlla að Varmá

Fótboltavertíðin er nú hafin að fullum krafti. Meistaraflokkur kvenna spilar í Pepsi-deild og karlarnir í 1. deild. Í næsta Mosfellingi verður farið ítarlega yfir fótboltasumaríð og knattspyrnu-spekúlantinn Magnús Már Einarsson ræðir við þjálfara og leikmenn og spáir í spilin.



Guðmundur Þ. Guðmundsson og Sindri Jarlsson

Alþjóðlegir meistarar

Félagarnir Guðmundur Þorlákur Guðmundsson og Sindri Jarlsson kepptu á alþjóðlegu badmintonmóti í Kaupmannahöfn um páskana. Strákarnir héldu utan í samfloti við fleiri leikmenn í Badmintonfélagi Akraness. Félagarnir gerður sér lítið fyrir og hrepptu gullið í tvíliðaleik í sínum aldursflokki. Guðmundur og Sindri æfa með badmintondeild Aftureldingar undir dyggi leiðsögn þjálfara síns Dipo Gosh. Einnig hafa þeir verið í æfingahópi landsliðsins og stefna langt í íþróttinni.

Strákarnir voru vel studdir til ferðarinnar og hafa verið duglegir í fjáröflunum. Sérstaklega vilja þeir koma á framfæri þakklæti til Eignamiðlunar, Ísfugls og Reykjaröðs.



Íslandsmeistarar í 3. flokki

Íslandsmóti yngri flokka í blaki lauk á dögunum á Akureyri. Afturelding sendi fimm lið á mótið og fjögur þeirra kepptu um titil. 3.flokkur drengja vann alla leikna sína og stóð uppi sem afgerandi Íslandsmeistarar. A-lið 5. flokks tók bronsið eftir hörku viðureigni við HK en það munaði aðeins einni hrinu þegar upp var staðið. 4 flokkur drengja tók líka bronsið og greinilegt að framtíðin er björt hjá blakdeildinni.

Stúlkur sem byrjuðu að æfa eftir áramót tóku þátt í sínu fyrsta Íslandsmóti og spiluðu sem gestalið. Þær gerðu sér lítið fyrir og voru í 2. sæti á mótinu.

Frábær árangur á 10 ára afmæli blakdeildarinnar og 100 ára afmæli Aftureldingar.



Silfurstelpur Aftureldingar

Veturinn hjá 5. fl. kvenna (eldra ári) í handboltanum gekk mjög vel, liðið spilaði í efstu deild A liða í þessum flokki í allan vetur og var ætíð meðal þriggja efstu liða á öllum mótum vetrarins.

Þær gerðu sér lítið fyrir og unnu síðasta deildarmót HSÍ þennan veturinn þar sem þær unnu alla leiki sína á mótinu með tölverðum yfirburðum og lögðu sjálfa Íslandsmeistarana 9-3 í mikilvægum leik.

Með þessum frábæra árangri náðu þær öðru sæti á Íslandsmóti HSÍ í 5. flokki kvenna 2009 en þar varð Selfoss í fyrsta sæti og Grótta í því þriðja. Þessi þrjú lið voru í miklum sérflokki á mótum vetrarins og skipuðu oftast þrjú efstu sætin.



Kristján og Thelma standa sig vel

Kristján Helgi Carrasco varð á dögunum tvöfaldur Grand Prix meistari, bæði í kata og kumite, en Grand Prix er mótarið sem KAI stendur fyrir. Kristján er Íslandsmeistari í báðum greinum. Kristján var einnig nú í febrúar valinn í landslið fullorðinna í kata (lang yngstur) og keppti hann fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu í karate nú í lok apríl og stóð sig með sóma. Thelma Rut Frímansdóttir varð Grand Prix meistari í kumite og í öðru sæti í kata, hún var einnig í öðru sæti á bikarmóti sem er eins uppbyggt mót og Grand Prix en fyrir 16 ára og eldri. Thelma er Íslandsmeistari í kumite. Þórunn Anna Orradóttir var í öðru sæti í Grand Prix kumite.

MARKAÐUR AFTURELDINGAR



við hlið Krónunnar

Opið alla helgina. Föstudaginn 15. maí kl. 16-18:30.

Laugardaginn 16. maí kl. 13-18. Sunnudaginn 17. maí kl. 13-18



FJÖLSKYLDU
2.380,-
TILBOÐ



SNÆLAND VIDEO

★★★★★

4 Hamborgarar, franskar og 2 l. Coke

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



Þarftu að breyta eða bæta heima hjá þér, utandyra sem innan? Tökum að okkur pallasmíði, viðhaldsvinnu og sérsníði.

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

SMARTNEGLUR

Svanhildur Ólafsdóttir
naglafræðingur s: 695-2199



HEF OPNAÐ HJÁ
FÓTAAÐGERÐARFRÆÐINGUM
Þverholti 3, Mosfellsbæ,
sími 566-6612

OPNUNARTILBOÐ TIL 15. JÚNÍ



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrógang.



JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkonnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýttir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almenn t um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

Heyrst hefur...



...að Sólbáðsstofa Mosfellsbæjar sé til sölu.

...að Valdimar Leó sé kominn aftur í Samfylkinguna eftir stutta dvöl hjá Frjálslyndum.

...að hvirfilbylur hafi gengið yfir Leirvogstungu um síðustu helgi.

...að Ídolstjarna Mosfellsbæjar, Anna Hlín, hafi heimsótt grunnskóla bæjarins á dögnum og sungið sig inn í hjörtu barnanna.

...að Gústi og Linda eigi von á barni.

...að Elín Pálma verði fyrirlíði sameiginlegs liðs Aftureldingar og Fjölnis í Pepsi-deildinni í sumar.

...að skv. hávaðamæli í stúkunnni á leik Aftureldingar og Stjörnunnar fór hávaðinn vel yfir 115 dB.

...að Karlakór Kjalnesinga hafi sungið á toppi Úlfarsfells kl. 7 að morgni fyrir 130 manns í Ferðafélagi Íslands.

...að Játvarður sé orðinn faðir.

...að gamli þjálfari Aftureldingar í kvennboltanum, Gareth O'Sullivan, hafi misst vinnuna hjá KR.

...að langþreyttur íbúi á elliheimilinu hafi mokað ofan í holurnar á bílastæðinu í skjóli nætur.

...að Diljá Tara sé ólétt.

...að tæplega 400 manns séu búnir skrá sig í hóp á Facebook sem vill fá Lókal blaðið aftur í Mosó.

...að Matti og Brynja eigi von á barni.

...að Ágúst Óskarsson hafi orðið sextugur í vikunni.

...að Katrín Dögg Hilmars sé ólétt.

...að Erna Reynis framkvæmdastjóri UMFA sé að fara vinna í nýja framhaldsskólanum. Yfir 30 umsóknir hafa borist um framkvæmdastjórarstarfið.

...að Sigríður Bjarna og Hörður hafi eignast stelpu númer tvö á dögnum.

...að Tóri Eggerts hafi lent í öðru sæti í Matreiðslumaður ársins.

...að kona hafi týnst í kjördeild, en fundist eftir mikla leit þegar kjörstað var lokað í Lágafellsskóla.

...að Siggí T sé orðinn þrítugur.

...að Óli Arnalds sé búinn að trúlofa sig.



Skólakór Varmárskóla hefur starfað í 30 ár 30 ára afmælistónleikar

Skólakór Varmárskóla fagnar 30 ára afmæli sínu með veglegum tónleikum í sal Varmárskóla á morgun, laugardaginn 16. maí, klukkan 14.

Á efniðskrá verður fjölbreytt lagaval m.a. Abba-lög, valsasýrpa eftir Strauss og spænsk þjóðlög sem kórinn syngur að sjálfsögðu á spænsku. Hreindís Ylva Garðardóttir syngur einsöng með kórnum, en þess má til gamans geta að hún söng einnig einsöng á 20 ára afmælistónleikum kórsins þá 10 ára hnáta og kór-félagi. Píanóleik annast Arnildur

Valgarðsdóttir og söngstjóri er Guðmundur Ómar Óskarsson.

Unglingadeild kórsins undirbýr nú ferð til Spánar í júní en áður hefur kórinn farið í nokkrar söngferðir til útlanda, þ.e. til Noregs, Frakklands og Danmerkur.

Á þeim 30 árum sem kórinn hefur starfað hefur hann sett sinn svip á tónlistarlíf Mosfellsbæjar. Kórstarfið hefur gengið vel í vetur og vonast þeir sem að kórnum standa að sem flestir komi og njóti afrakstursins með kórnum.

Í eldhúsinu



Spelt Lasagna HJÁ ÁSLAUGU

Áslaug Kirstín Ásgeirsdóttir lesblinduráðgjafi og kennari gefur okkur uppskrift að þessu sinni. „Ég er mjög hrifin af öllu heilsufæði, sykurlausu og hveitisnaudu. Mér og mínum liður miklu betur á svoléiðis fæði, þó ekki kunnir allir að meta það. Uppskriftir Sollu Eiríks heilla mig mest og er ég að prófa ýmislegt úr bókunum hennar. Ekki skemmir fyrir að innihaldið er ódýrt og svo nota ég það sem er í ískápnunum í hvert sinn til að bragðbæta og spina við uppskriftina. Nota meira fíntskorið grænmeti, maukaða tómata í dós og auka við prótein innihald með lagi af góðum baunum. Best er að hafa með þessu súrdeigsbrauð og gott salat.“

1 pakki spelt-lasagneplötur (bestar heimalagaðar, en þessar eru mjúkar og góðar).
1 og hálf dós kókosmjólk (ein stór og ein lítil).
300 gr. mozarellaostur (eða annar ostur, t.d. geitaostur).
10 tómatar (lofa þeim að standa

í stofuhita áður), skornir í þunnar sneiðar. Smá olíufuolla 2 stykki hvítlauksrif.
1 búnt fersk basilika (eða úr bauk).
Tímjan og annað krydd eftir smekk. Sjávarsalt.
Nýmalaður pipar.
Ofn hitaður í 200 gráður. Smyrjið eldfast mót. Kókosmjólk og ostur sett í blandara og blandað vel saman. Tómatar skornir í þunnar sneiðar. Steyta saman í mortéli: olíu, hvítlauk, basilíku, smá salti og pipar og hellið síðan yfir tómatsneiðarnar. Ef ekki er til mortél, má nota blandarann. Fyllið mótið í þessari röð:
1 ausa kókosósá - 1 lag lasagneplötur - 1 lag tómatar. Endurtaka og enda á kókosósá. Hella afgangnum af krydduðu olíunni yfir. Baka við 200 gráður með loki eða álappir í 25 mínútur. Þá er lokið tekið af og bakað áfram í um 7 mínútur.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Daði Már fæddist 7. apríl kl. 15:07. Hann vó 4390 gr. og var 55 cm langur. Foreldrar hans eru Hekla Daðadóttir og Brynjar Ísaksson.



Sigurbjörg Embla fæddist 18. mars. Hún vó 3560 gr. og var 52 cm löng. Foreldrar hennar eru Aþena Mjöll Pétursdóttir og Magnús Már Byron Haraldsson.



Eyþór fæddist 4. febrúar kl. 05:12. Hann vó 4465 gr. og var 54 cm langur. Foreldrar hans eru Ragnheiður Gunnarsdóttir og Einar Bragason.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

mosfellingur@mosfellingur.is





Mynd/Herberg H. Birgisson

CCReykjavík spilaði í Bæjarleikhúsinu 24. apríl

CCR útgáfutónleikar

Hljómsveitin CCReykjavík með Birgi Haraldsson í broddi fylkingar hélt glæsilega útgáfutónleika í Bæjarleikhúsinu þann 24. apríl. Tónleikarnir voru vel sóttir og léku strákarnir við hvurn sinn fingur. Spilaðir voru slagarar eftir meistaranum John Fogerty og hljómsveit hans Creedence Clearwater Revival. Áhugasamir geta nálgast nýja diskinn þeirra í Álafossbúðinni í Kvosinni.



Krakkarnir á Huldubergi ásamt leikskólastjóranum sínum Þuríði Stefánsdóttur.

Mynd/Methúsalem

TM gaf Huldubergi endurskinsvesti

Forstöðumaður forvarna hjá Tryggingamiðstöðinni, Methúsalem Hilmars-son, kom færandi hendi á leikskólann Hulduberg í vikunni og gaf leikskólan-um 150 endurskinsvesti á öll börn leikskólans. Víst er að þessi göf er vel þegin því aldrei er of varlega farið í umferðinni. Börnin voru afar spenn- t yfir gjöfinni og þurfti ekki að bjóða þeim tvisvar að máta.

Fékkstu endurskoðun ?

Komdu með bílinn til okkar og við gerum hann kláran í skoðun

BREMSUR - GORMAR - DEMPARAR
RYDBÆTUR - BLETTUN - MÁLUN
SMÁRÉTTINGAR - SMURNING OFL

B&T

ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR

Völuteigur 11 - 270 Mosfellsbæ - 565 5333 - bogt@internet.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

FREKI EHF
NÝSMÍÐI VIÐHALD
ENDURBÆTUR
gsm. 8213899 netfang. freki@internet.is

zur þráðlaust net kaldur af krana cre
þoltinn í beinni kaffi risaskjúr samlok
samlokur lasagne heitt súkkulaði

Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

rebes pizzur kaffi risaskjúr samlokur
sagne heitt súkkulaði boltinn í beini
smlokur þráðlaust net kaldur af kran

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega öll jarðefni

VÖRUBILL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142

Viltu betri heilsu? Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 889 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

SPURNING TIL BÆJARBUA

Í hvaða sæti lendir Ísland í Eurovision?



ÞÓRUNN:
Neðsta sæti.



VÍFILL:
Við lendum í 12. sæti.




HREFNA:
Í svona 20. sæti.



PALLI:
8. sæti og málið er dautt.



BRAGI:
7. sæti, kjólinn er geðveikur.



JÓN G.: Jóhanna tekur 12. sætið.



Stelpurnar á árshátíð




Pö maður með Korva



Krossfestur



Einar og Halla



Afmælis-ísinn



Gangnamenn og frændur



Keiludrottningarnar



Idol frændsystkinin



Maggi og Gunnir hressir

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Jón, Hilmar og Þórhildur



Fartað á fjöllum



Gull, skíra gull



Með allt niðrum sig




Rípp, Rapp og Rupp



C4 mættur



'89 eða ekki neitt



Bleik kvennareid



Steffffffy



Félagarnir á rúntinum



Hámarks framlag



Krossfestur



Ekki sátt



Hansi og stelpurnar



UMFUS-DRENGIRNIR Á TOPPNUM

Hluti af UMFUS drengjunum á toppi Syðri-Botnsúlna í 1100 metra hæð. Siggí Borgar, Gulli Jóns, Gummi Ásgeirs, Jón Guðmundur og Raggi Óla.

FLOTTIR

Sendið okkur myndir!
mosfellingur@mosfellingur.is



Hansi og stelpurnar



Tívoli-Tommi



Fríssi og Matti

ÁSLÁKUR
er opinn



EUROVISION
í beinni
á breiðtjaldi



ROTADU ÞETTA!

Þvílíkur heiður að fá að spila handbolta með ykkur sem stuðningsmenn, kærur Mosfellingar. Þvílíkur heiður. Í umspilskeppni-inni sem lauk nýverið lék ég einhverja af mínum skemmtilegustu leikjum á ferlinum þökk sé ykkur.

Í kringum þessa umspilskeppni varð til ótrúlega öflugt stuðningsmannafélag sem ber nafn með rentu eða Rothöggjó. Ég leyfi mér að fullyrða að þarna sé á ferð langöflugasta stuðningsmannafélag á Íslandi. Miðað við fjölda meðlima er ekkert félag sem getur skapað þá stemmingu sem Röthöggjinn tókst að skapa í umspilskeppninni.

Ég hitti mann niðri í íþróttahúsi sem sagði mér að hann hefði verið með hávaðamæli á síðasta leiknum úti í Garðabæ. Alveg frá því að Rothöggjó gekk inn fór hávaðinn nánast aldrei undir 100 desíbil. Mest fór það í um 115 desíbil. Eftir því sem ég kemst næst eru hávaðamörk 85 desíbil og sé hávaði meira en það í langan tíma ber fólki að nota heyrna-hlífar. Vel gert.

Því miður náðum við ekki að fylgja þessum frábæra stuðningi eins vel eftir og til stóð. Tveir slakir leikir í Garðabæ urðu okkur að það núna. Líðið verður reynslunni ríkara og sterkara á næsta ári. Með svona stuðningi er ekki spurning að við rjúkum upp. Heimaleikirnir á móti Selfossi og svo á móti Stjórnumni eru leikir sem ég mun aldrei gleyma. Þeir fara í minningabankann sem tveir af skemmtilegustu leikjum sem ég hef leikið á ævinni. Því það er ekkert skemmtilegra en að spila góðan handbolta með sínu líði, fyrir sitt fólk.

Ásgeir Jónsson



SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Óska eftir íbúð til leigu
Einstaklingur með tvö börn óskar eftir 3-4ra herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Skilvísium greiðslum og reglu-semi heitið. Sími 858-8040

Trampólín óskast
Óska eftir trampólíni 861-8547 Margrét.

**Parnapössun/
Leirvogstunga**
Óskum eftir stúlku til að passa þrjár frábærar systur, þær eru 6, 5 og 2 ára. Erum að leita eftir stelpu til að passa þær eitthvað í sumar og líka vantar okkur stundum á kvöldin. Ef þú hefur áhuga, endilega hafðu samband. Ásdís: 693-1814.

Aðstaða óskast
Handritshöfundur óskar eftir aðtöðu í Mosfellsbæ í einhverja mánuði, skoða alla möguleika. Örugum greiðslum heitið fyrir réttu aðstöðuna. Uppl í síma 662-6122 eða á gsvansson@hotmail.com

Bílskúr óskast
Bráðvantar bílskúr til leigu, helst í næsta nágrenni Skeljatanga, upplýsingar í síma: 867-2706.

Tekið er við smáauglýsingum á netfangið:
mosfellingur@mosfellingur.is



SUMAR 2009

Mosfellingur kemur út í sumar sem hér segir:

Föstudaginn 12. júní

Föstudaginn 10. júlí

Föstudaginn 21. ágúst

mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

**ÖKUKENNSLA LÁRUSAR
GSM 694-7597**

AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!
Er með mótórhjólagermi, frábært fyrir byrjendur
Fáid tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökuamat og upprifjun fyrir eldri borgara
Lárus Wöhler
lögilltur ökukennari
HONDA

Verktakar Vélaleiga

Ýtir ehf

gsm: 868-1346

Útvegum öll fyllingarefni
Föst verðtilboð

**Leirvogstunga 7
270 Mosfellsbær**

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NYJRI HLUTIR
- TÍMAREMMAR
- KEERTI
- VIFTUREMMAR
- SAURSLUR
- HREINDEFNI
- BREMSUKLOSSAR
- PELLUR
- ÖLUR

GR/ENUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



B. Markan ehf.
Pípulagnir


☎ **660 6690**

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi & epoxy gólfefni



ARININN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



Steinteppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is



S. 55 44444
Pverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424



MENNINGARVIKA LEIKSKÓLANNA

Menningarvika leikskóla Mosfellsbæjar fór fram í Kjarna í síðustu viku. Þetta er í sjötta skipti sem slík menningarhátíð er haldin. Börnin sýndu ýmisskonar listaverk auk þess sem þau sungu fyrir viðstadda.

Mynd/Sigga Dögg

Rétt hjá
JOA

Réttingar og sprautun

Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497



Leirutangi

Hagstætt fermetra verð!!! Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fjótlega. V. 20,8



Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi. Flottur sólpallur. Hellulagt bilaplan. Hagstætt 4,15% lán. Skipti á ódýrari eign koma til greina. V. 37,8



Prastarhöfði

Falleg 128 fm íbúð á jarðhæð með hellulagðri verönd með skjólveggjum, bílagæmslu og sér inngangi. Flottar innréttingar og góður frágangur. Fjögur svefnherbergi.



Laxatunga

Vel byggt og vandað 339,9 fm. einbýli á tveimur hæðum við Laxatungu í Leirvogstunguhverfi í Mosfellsbæ. Húsið er fokhelt og fullbúið að utan. Sér íbúð á neðri hæð er tilbúin og búið að innrétta hana. Hiti í gólfum. Húsið stendur á flottum



Litlikriki

Glæsilegt 207 fm. endaraðhús sem er rúmlega tilbúið til innréttinga. Innbyggður bílskur 30 fm. Hiti í gólfum og byrjað að setja upp milliveggi. Flott staðsetning. Hagstætt lán frá íbúðalánsjóði kr. 20 millj. áhvilandi. Hagstætt verð.



Þjónusta við
Mosfellinga í 19 ár

Pétur Pétursson
lögilltur
fasteignasali
897-0047

588 55 30



Bjartahlíð

Mjög falleg og velskipulöpp 104 fm. íbúð á jarðhæð með sólpalli auk 28 fm. bílskuris við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Vandaðar innréttingar og gólfefni.



Bjartahlíð

Glæsilegt 90 fm. raðhús auk 22,8 fm. bílskuris, samt. 112,8 fm. við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Glæsilegar innréttingar og flott skipulag. Allt hið vandaðasta. Stór garður og allt fyrsta flokks.



Súluhöfði

Mjög vandað og vel byggt 167 fm. parhús í enda lokaðrar götu í Mosfellsbæ. 4 góð svefnherbergi. Upptekin loft. Stór lóð. Þetta er flott eign á frábærum stað. Til greina koma skipti á minni eign í Mosfellsbæ.



Tröllateigur

Mjög fallegt 185 fm. raðhús við Tröllateig. 4 góð svefnherbergi, flottar innréttingar. Stór sólpallur með heitum potti. Gott skipulag.